



Ársrit íslenska  
**Alpklúbbsins**

16. tölublað, 2001 – 2002

HICLOI

848 - 1755



# FYRSTA HJÁLP



## BRUNASÁR

Þessi taska er sértaklega búin með brunasár í huga. Nýtt bytingarkennit gel deyfir sársaukan og kælir mjög vel.



## BÍLPÚÐI

Frá þér í bílinn með því helsta sem þarf fyrir flest sýrur. Púðinn er einnig sá auðveldasti í notkun með einföldum leiðbeiningum. Má einnig nota til stuðnings við bak eða háls.



## VAKI - KASSI

Lítill kassi sem hentugur er í bílinn, heimilið eða bústæðinn. Kassinn er búinn því helsta sem nauðsynlegt er.



## VÍS - TASKA

Vís er minnsta taskan og er mjög hentug í jeppann, bústæðinn eða fyrir lítlá vinnustæði. Veggfesting fylgir með og eru allar töskurnar ryk- og rakapéttar.



## GRÆÐIR - TASKA

Græðir er meðalstórr taska sem hentar vel fyrir meðalstóra vinnustæði. Taskan er mjög vel búin af sjúkrabúnaði. Veggfesting fylgir með og eru allar töskumar ryk- og rakapéttar.



## MARGVÍS - TASKA

Margvís er stærsta taskan sem við bjóðum og hentar vel fyrir sterri vinnustæði. Taskan er mjög vel búin af sjúkrabúnaði. Veggfesting fylgir með og eru allar töskurnar ryk- og rakapéttar.

**Vel búinn sjúkrakassi getur bjargað mannslifi!**

Slysavarnafélagið Landsbjörð hefur verið í fararbroddi í sölum sjúkrakassa og sjúkrabúnaðar í mörg ár. Sjúkrakassar félagsins eru á fjölda vinnustaða, heimila og sumarhúsa um land allt. Félagið kappkostar að hafa óbeins til sölum viðurkenndar vörur, enda er val á sjúkrakóssum og innihald þeirra m.a. byggð á margra ára reynslu þeirra félaga úr björgunarsveitum félagsins sem sinnt hafa fyrstuþjálparkennslu.

Kassarnir fást í mörgum stærðum með leiðbeiningum og innihaldslýsingum. Við bjóðum allt frá einstaklingspokum fyrir gönguferðir upp í læsta skápa fyrir stærstu fyrirteki.

Ásamt því að selja sjúkrabúnað býður félagið upp á sjúkrakassapjónustu með regluglegum heimsóknum þar sem sjúkrakassinn er yfirfarinn.

Haðsu samband og fáðu frekari upplýsingar.



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**

Síminn er 570 5900.



# Ársrit Íslenska Alpklúbbsins 2001–2002

## Forsíðumynd:

Við eftu búðir á Huascaran í Perú. Sigurður fer fremst en bar á eftir koma slökkviliðskonan Amy og Ívar.

Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason

## Útgefandi:

Íslenski alpklúbburinn

- félag áhugamanna um fjallamennsku

Pósthólf 1054

121 Reykjavík

Félagsheimili ÍSALP er að Skútuvogi 1G, 104 Reykjavík. Bílastæði og innangangur er í portinu að neðan. Gengið er inn frá Barkarvogi. ÍSALP deilir húsnaði með Klifurhúsinu. Fyrirsprungum um starfsemi Ísalp er hægt að beina á eftirfarandi netföng: info@isalp.is, stjorn@isalp.is, gjaldkeri@isalp.is.

**Heimasiða:** [www.isalp.is](http://www.isalp.is)

## Ritnefnd:

Jón Haukur Steingrímsson, ábm.	s. 554 5591
Tómas Grønvaldt Júlfusson	s. 568 2883
Hallgrímur Magnússon	s. 561 3929
Ólafur Ragnar Helgason	s. 867 8805

**Prentvinnsla:** Prentmet ehf.

Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta eða breyta greinum sem birtast í ársritinu.

## Stjórn Ísalp 2002:

Formaður: Stefán Páll Magnússon	s. 694 9525
Gjaldkeri: Jón Gunnar Þorsteinsson	s. 586 8336
Ritari: Jórunn Harðardóttir	s. 557 3301

## Meðstjórnendur:

Helgi Borg Jóhannesson	s. 897 4047
Halldór Kváran	s. 863 8397
Karl Ingólfsson	s. 567 9599
Haraldur Örn Ólafsson	s. 551 4602

## Skálanefnd:

Guttormur B. Þórarinsson	s. 552 2712
Óttar Kjartansson	s. 892 2573

## Ritstjóri fréttabréfs:

Jórunn Harðardóttir	s. 557 3301
---------------------	-------------

## Umhverfisnefnd:

Karl Ingólfsson	s. 567 9599
-----------------	-------------

## Félagatal:

Helgi Borg Jóhannesson	s. 897 4047
------------------------	-------------

## Heimasiða:

Helgi Borg Jóhannesson	s. 897 4047
------------------------	-------------

## Efnisyfirlit

bls.

Fallastakkanöf.....	4
Postulánsleiðin .....	10
Ísklifurleiðarvísir úr Öræfum .....	14
Prílað í Perú .....	17
Gutta på tur .....	24
Lítill leiðarvísir um Ingimund .....	28
Dúllarahornið.....	30
Hraundrangaferð ÍSALP .....	35
Sveittir klettar í austurlöndum fjær.....	37
Árskýrsla .....	40
Ársreikningar 2000 og 2001.....	41
Hrafnarfjörður .....	43
Fréttapistill .....	45

**P**ar kom að því að Ársrit Ísalp kom loksins út og þar þá langþráð bið á enda. Eins og klúbbfélagar hafa ekki farið varhluta af kemur blaðið með einðæmum seint út líkt og síðasta blaðið. Í raun eru engar afsakanir fyrir því aðrar en framtaksleysi ritnefndar. Segja má að þetta blað gildi fyrir árin 2001 og 2002 þar sem þau eru tekin fyrir í mjög löngum fréttapistli, auk þess eru flestar greinarnar frá þessum árum. Töluverð stigaklifursslagsíða er á þessu blaði, en það helgast af því að Guðmundur Tómasson hefur verið drjúgur við að breiða út fagnaðarerindið. Endurreisn klassíkska alpínismans fær sinn skerf í frásögn Óla Ragga frá Perú og Ívars frá Hrútsfalls-tindum. Auk þessa eru blaðinu styttri ferðasögur frá Hraundranga, Hrafnarfjörði, Noregi og Malasíu. Einar Sigurðsson hefur verið mikið á ferðinni í sinni heimasveit og hefur hann haldið haganlega um leiðir sem hafa verið klifraðar á svæðinu. Í blaðinu er því miður aðeins lítt hluti af leiðarvísinum sem Einar hefur haldið úti á heimasíðu sinni. Það fyrirkomulag væri góð fyrirmynð að leiðarvísavef Ísalp. Leiðarvísavefur er mál sem hefur oft borið á góma meðal fjallamanna en einhværra hluta vegna endar málið iðulega í undarlegum hnút tengdum gjaldtökum fyrir afnot, lokun á síðum nema fyrir félaga og því um líkum hugleïðingum. Það er mínn skoðun að Ísalp eigi að halda úti leiðarvísavef að hatti Einars og hafa allt opið fyrir alla alltaf. Það er engin spurning um að slikt myndi auka verulega notargildi leiðarvísanna. Með þessu móti yrði til dæmis vinna við fréttapistilinn einfaldari og skilvirkari þar sem að hægt væri að setja inn upplýsingar á skilmerkilegan hátt með vísan í myndir sem allir geta skoðað. Enn og aftur viljum við minna ísalpara á að skrifa greinar og skila inn myndum í blaðið, það er að segja ef að áhugi fyrir blaðinu er fyrir hendi. Blaðið skrifar sig ekki sjálf, það stendur og fellur með ykkar framlagi.

JHS



Styrmir klifrar fyrstu spönn í Hangikjöti í Fallastakkanöf. Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

## Fallastakkanöf

eftir Guðmund Tómasson

Frá því ég las fyrst um Fallastakkanöf varð mér það ljóst að þarna væri klettur sem mig langaði að klifra. Það var þó ekki fyrr en um páskana 1998 að ég létt verða af því að snerta á klettinum.

Fyrr um veturninn hafði ég byrjað að fikta við stigaklifur, og þá í styrti leiðum eins og á Þingvöllum og í nágrenni Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því að stigaklifrið heillaði var sú að þarna sá ég leið til að öðlast þá reynslu og tækni sem, vonandi einhvern tíma, ætti eftir að koma mér í stóra veggi úti í hinum stóra heimi. Við lestar erlendu klifurtímaritanna hafði vaknað „Big wall“ áhugi hjá mér. Sú tilhugsun að vera nokkra daga í lóðréttu umhverfi heillaði. En eins og menn vita þá er ekki mikið um „Big walls“ hérrna á klakanum en þó hægt að finna kletta með tveggja til þriggja spanna leiðum.

Vopnaðir heimasamuðum stigum og því klifur-dóti sem félagarnir gátu séð af, héldum við Ingólfur Ólafsson upp í Fallastakkanöf án þess að vita nokkuð

um hvað biði okkar annað en 80 m yfirhangandi klettur. Í fyrstu fylltist maður yfirþyrmandi minni-máttarkennd og hrifningu yfir því hversu kletturinn var vígalegur og því ekki auðvelt að velja leið, því að af nægu var að taka. Úr varð leið sem liggur vinstra megin við Orgelpípurnar. Leið sem átti eftir að taka þrjú ár að klára.

Pennan dag náðum við ekki að klára meira en eina spönn. Spönn sem ekki er erfiðari en A1 en það erfið að það tók mig hátt í fjóra tíma að leiða hana sökum þess hve lítið úrval við vorum með af vinum. En það var þó hægt, með lagni, að nota hnetur. Fyrsta spönnin liggur upp á milli stuðla sem hafa sprungur í svipaðri stærð, og því nauðsynlegt að hafa tvö til þrjú vinasett. Það sem háði okkur líka var hversu óvanir við vorum að júmma. Dagurinn fór í þessa einu spönn sem okkur þótti nú bara vera nokkuð gott. Við skildum draslið eftir og línu fixaða upp í fyrsta stans. Tveimur dögum seinna snérum



Styrmir horfir á Gumma klára Hangikjötið.

Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

Mynd til hægri:

Hangikjöt, Atli Þór sigur niður úr annarri spönn.

Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

við til baka og klifruðum 20 m í viðbót. Strax eftir fyrstu spönn breyttist karakterinn í leiðinni til muna frá því að vera í fastri sprungu yfir í lausara berg og jafnvel aðeins meira yfirhangandi klifur. Pennan dag hættum við vegna þess að við vorum ekki með nægilega stóra vini. En líka vegna þess að þeir metrar sem voru eftir upp á brún eru vægast sagt hrikalegir. Yfirhangandi drulla er það sem kemur manni fyrst í huga.

Seinni hluta sumarsins 1999 var ég aftur á ferðinni með Atla Þór Þorgeirssyni, og að sjálfsögðu búinn að gleyma því hversu hrikalegur síðasti hlutinn er. En hlutverk þessarar ferðar var líka annað því þarna ætluðum við að tjalda „portaledgeinu“ og sofa í því. En það var nú meira gert til að hafa gaman af því frekar en það væri nauðsynlegt. Við klifruðum upp í annan stans og settum upp „portaledgið“ og sváfum í því um nöttina. Daginn eftir fórum við fimm nýja metra og snérum svo við undir drullunni.



## Hangikjöt, Fallstakkanöf A1++?

Furst Farin 10 apríl '01


Guðmundur Tomasson  
Stýrmur Steingrimsson

### Bunadur

2-3 vinas. 00"-1"  
2-11 - 1"-4"


2 hnetus.

handfulli Heyga.



A1++?

Teikningur: Guðmundur Tómasson



## Grjótregn, Fallstakkanöf A2

F.F. 26. ágúst '01


Guðm. Helgi Christiansen  
Guðm Tomasson

35m ②  
Laust grjöt  
skarpar brúnir

Laust

C2 hnetur  
vinir

45m ① xx



C1 hnetur

### Bunadur


2 vinasett 00"-4"

3 hnetus. mikró

2-11 - venjuleg

4 goggarar

4-5 Heygs. blad - V



Tópó að leiðunum Hangikjöt og Grjótregn í Fallstakkanöf. Skýringar eru á bls. 35. Teikningar: Guðmundur Tómasson.



Léttfeti og Lazyboy. Ingólfur Ólafsson í Nöfinni. Ljós.: Guðmundur Tómasson.

Ég þorði ekki að taka í einn einasta Stein því ég sá fyrir mér að Matrixið fyrir ofan mig myndi hrynda eins og dólmínókubbar ef ég hreyfði við einu einasta sandkorni. Þarna var mér orðið nokkuð ljóst að það yrði aldrei lokið við leiðina nema í miklu frosti því það væri kannski það eina sem gerði aðstæður nógu öruggar.

Strax í upphafi þegar við byrjuðum á leiðinni félkk hún vinnuheitið Hangikjöt og festist það við leiðina og heitir hún það í dag. Ástæðan fyrir nafninu var sú að í byrjun gekk klifrið svo hægt að manni leið eins og hangikjöti, og má segja að við höfum verið bornir á borð fyrir Nöfina.

Páskana 2000 fórum við Styrmir Steingrímsson í frekar tíðindalitla ferð sem endaði í öðrum stansi. Það er svo ekki fyrr en páskana 2001 að eitthvað fór að ganga. Við Styrmir mátum það svo að aðstæður

væru það góðar að nú væri rétti tíminn til að ganga frá þessu máli sem að átti eftir að útkljá við klettinn. Ég verð nú viðurkenna það að þessi leið var farin að leggjast nokkuð á sálina hjá mér, því við hverja ferð sem mistókst fór maður að hafa minni og minni trú á að það væri fær leið í gegn þarna megin upp klettinn. Petta yrði í seinasta skipti sem reynt yrði að klára Hangikjöt. Á tímabili var maður farin að telja sér trú um að leiðin yrði bara tvær spannir sem þyrfti að síga svo niður. Í snjókomu klifruðum við fyrstu spönnina, fixuðum línu og héldum í háttinn undir klettinum. „Portaledgið“ kom að góðum notum þar sem við hengdum það upp 20 cm frá jörðu við byrjun Orgelpípanna. Gallinn við Nöfina er sá að það er erfiðleikum bundið að finna góðan stað til að tjálfa vilji menn gista þarna upp frá. Snemma um morguninn júmmuðum við okkur upp og Styrmir á

undan því hann átti aðra spönn og gat því nýtt tímann til að græja sig á meðan ég júmmaði mig upp. Önnur spönn gekk fljótt og örugglega fyrir sig. Nú var komið að mér og vægast sagt stór hnútur í maganum, og rétt áður en ég lagði af stað hugsaði ég með mér hvort ég ætlaði virkilega að láta hafa mig út í þetta. Í raun og veru gekk spönnin furðu vel. Byrjar í smá þaki sem er vel tryggjanlegt, þó svo að strax í byrjun loði lausa grjótið við. Þaðan er svo hliðrað til vinstri, undir öðru þaki, í „góða“ sprungu sem heldur svo beint upp. Upp af henni kemur maður svo í þetta smá kubbaberg. Pótt ótrúlegt megi virðast þá er það bara nokkuð „solid“ þegar maður er kominn upp á lagið. Það þarf bara að moka sig inn í það, losa lausa grjótið frá, þangað til að maður nær á milli tveggja frosinna kubba, troða vini inn í og prófa trygginguna. Í framhaldi fylgdi svo bratt ótryggjanlegt snjóklifur upp á brún.

Loksins eftir þriggja ára prógram var leiðin öll, og á þessu tímabili voru það sjö dagar í heild sem til þurfti. Það er óhætt að segja að betur hefði tekist í byrjun ef menn hefðu ekki verið að finna upp hjólið samhliða því sem unnið var í leiðinni. Því þó svo að stigaklifur sé einfalt í aðgerð, þ.e.a.s. setja inn tryggingu, klippa stiganum í og feta sig upp og svo koll af kolli, þá eru svo margir aðrir þættir sem spila inn í og væri réttast að taka fyrir sérstaklega.

Um sumarið 2001 var farin ein ný stigaklifursleið til viðbótar, og byrjað á annarri, og er hún aðeins erfiðari en Hangikjöt, en ekki mikil. Henni svipar til Hangikjöts hvað varða gæði spannana. Fyrri

spönnin nokkuð föst og sú seinni mjög laus, og fékk hún nafnið Grjótregn með tilvísun í seinni spönnina. Leiðin byrjar í næsta stuðli hægra megin við Hangikjöt og fylgir þar sprungu beint upp, en hliðrar svo til hægri móts við fyrsta stans í Hangikjöt (ekki skal nota þann stans, eða sprungu) og út í stærri sprungu sem er áberandi framan á horninu vinstra megin við Orgelpíurnar.

Í Nöfinni eru eftir óteljandi möguleikar nýrra leiða, hvort sem þær eru frí- eða stigaklifursleiðir, jafnvel bæði. Rétt er að benda á að hægt er að klifra þarna á hvað árstíma sem er. Hægra og vinstra megin við aðalvegginn eru innskot sem hafa ekki fengið mikla athygli, og finnst mér rétt að benda á að þar eru möguleikar fyrir styttri leiðir, og jafnvel sem má fríklifra. Líka langar mig að velta því upp hvort mönnum finnist það síðferðilega rétt með klett eins og Nöfina að enda leiðir fyrir neðan drulluna. Þá þarf að útbúa góð sigakkeri til að síga niður, því eins og ég tók fram hér áður er hægt að finna gæðaleiðir ef menn taka út hið vantryggða, og jafnvel, hættulega drulluklifrið upp á brún. Þ.e.a.s. þar sem það á við.

Í framtíðinni stendur til hjá mér að útbúa fyrsta og annan stans í Hangikjötinu þannig að þar séu góð sigakkeri, því að þessi leið finnst mér vera góð byrjunarleið fyrir þá sem vilja kynna tveggja spanna A1 stigaklifri.

Fyrir neðan kemur smá yfirlit yfir þessar tvær stigaklifurleiðir sem eru nefndar að ofan.

#### HANGIKJÖT A1++ þrjár spannir

Fyrst farin 10. apríl 2001

Guðmundur Tómasson og Styrmir Steingrímsson en einnig komu við sögu Atli Pór Porseirsson og Ingólfur Ólafsson

1. spönn A1 40 m

2. spönn A1+ 20 m

3. spönn A1++ 25 m

Búnaður:

Tvö-þrjú lítil vinasett frá 00"-1"

Tvö vinasett frá 1"-4"

Tvö hnetusett

Handfylli fleyga

#### GRJÓTREGN. A2 tvær spannir

Fyrst farin 26. ágúst 2001

Guðmundur Tómasson og Guðmundur Helgi Christensen

1. spönn C1-A2 45 m

2. spönn C2 35 m

Búnaður:

Tvö vinasett frá 00"-4"

Þrjú hnetusett micro

Tvö hnetusett stór

4 goggar (bird beaks)

4-5 sett fleygar frá blaðfleygum til stórra V fleyga

Það skal hafa hugfast að efri spannirnar í þessum leiðum eru varasamar að því leiti að mjög laust grjót er viða, og línan liggur yfir MJÖG oddhvassar brúnir. Því er spurning hvor þær eiga rétt á R gráðunni af þeim völdum. Ég mæli eindregið með því að menn leiði seinni spannirnar með tveimur línum, og baktryggi

sig svo í dráttarlínuna þegar þeir hreinsa spönnina (júmma sig upp).

Skýringar á ýmsum hugtökum í stigaklifri og gráðukerfinu sem þar er notað má sjá í Dúllarahorninu annars staðar í blaðinu.



**VINSÆLASTI  
DRYKKURINN Í  
BANDARÍKJUNUM  
Í 0,5 L FLÖSKUM!**





## Postulínsleiðin

eftir Ívar Frey Finnborgason

Mynd til vinstri:

Einar í Postulíninu á kombí skónum finu. Kirkjan og Hvannadalshnjúkur í baksýn. Ljósm.: Örvar A. Þorgeirsson.

Mynd til hægri:

Vaðið í skýjum á hryggnum undir Suðurtindi.  
Ljósm.: Örvar A. Þorgeirsson.

„Af hverju sefurðu ekki í tjaldinu þínu?“ Ég ranka við mér eftir enn eitt Hnappavallaskrallið og Bjössi stendur yfir mér. Góð spurning, það er búið að pakka mér rækilega inn í svefnþokkann minn og ljóskan sem ég ætlaði að veiða liggur inni í tjaldinu mínu.

Ég skreiðist inn í tjald og sé útundan mér að Bjössi er sofnaður við hliðina á sínu tjaldi. Ljóskan liggur í svefnþokkum sínum, greinilega nakin. Hvernig fór ég eiginlega að því að klúðra þessu? Ætli hún sofi alltaf nakin? Af hverju sefur Bjössi svo sjálfur fyrir utan tjaldið sitt? Ég glotti við tönn og læt söguna flakka á Örvar þar sem við rennum ljúflega eftir þjóðvegi eitt í austurátt. Við höfðum rekist á ljóskuna í KÁ þar sem við vorum að kaupa í matinn. Góð saga, ein af mörgum. Vonandi verður þessi ferð líka að góðri sögu. Í rauninni áttum við Örvar að vera með félögum okkar í Tækniskólanum

á árshátið núna en ég ákvað að slá tvær flugur í einu höggi. Uppfylla gamlan draum um að klifra eithváð af viti á Hrútsfjallstindum og bjarga Örvari frá því að fara á árshátiðina, síðast sló hann einhvern niður út af kvennamálum.

Petta byrjaði annars allt fyrir langa löngu þegar ég og Gummi frændi (betur þekktur sem Gummi Spánverji) ákváðum, blautir á bak við eyrun, að það þyrfti nú að fara að endurtaka þessa Scottsleið á Hrútsfjallstindana. Þar sem enginn annar virtist vera að bjóða sig fram skelltum við okkur bara í verkið. Við komumst líka upp og klifruðum helling en þegar við fórum að lesa okkur betur til um leiðina, eftir að hafa reynt að klifra hana, kom í ljós að við höfðum sleppt aðalspönninni. Sú spönn var einnig lykilkafliinn og leiðin aðeins svipur hjá sjón án hennar. Ég ákvað því að ég skildi ná fram hefndum. Á næstu árum horfði ég því upp í vegginn í hvert skipti sem




við ókum þarna framhjá, og þau voru ekki fá. Þegar ég var að góna upp í vegginn einu sinni sem oftar, þóttist ég sjá möguleika fyrir nýja línu, línu sem gæfi Scott ekkert eftir og endaði auk þess í fossi sem væri oftar í aðstæðum en plasteraðir klettarnir í síðustu spönn Scotts. Það reyndist ekki erfitt að tala Örvar til í að taka þátt í þessu og eftir að Einar hafði vælt eitthvað um að hann væri nú ekki í formi eins og hann gerir alltaf þá gat hann ekki heldur á sér setið. Það var því um hálf átta að morgni þess 1. apríl 2000 sem við röltum af stað þungklifjaðir á plastskóm og fjallaskíðum upp Svínafellsjökulinn. Gangan gekk greiðlega og snjórinn var það harður að ég hálf sá eftir að hafa þessa planka ískrandi á fótunum.

Við losuðum okkur við skíðin undir veggnum og spændum upp að fyrsta fossinum og vorum komnir þangað um hádegi. Fyrir mig var þetta hugsað sem æfing fyrir Perú ferðina sem fór af stað tveimur mánuðum síðar. Ég ákvað því að reyna að klifra með bakpokann eins og ég yrði að gera í öllum hardcore-skíðabuxurnar-ælaátoppinn-klifurleiðunum sem ég ætlaði að fara í Perú. Við æfingar höfðum við Sigurður Skarphéðinsson, æfinga- og klifurfélagi í Perú ævintýrinu, rætt um það að pokarnir okkar mættu ekki vera meira en 15 kg, minn poki var

hinsvegar rúmlega 20 kg og ég komst fljótegla að því að ég gæti ekki klifrað þennan 4. gráðu foss með hann á bakinu. Ég hengdi því pokann í skrúfu í miðjum fossinum og hélt áfram. Ísinn var með eindæmum harður og maður varð að beita kröftum til að koma inn öxum og broddum. Þessi kraftbeiting varð einnig til þess að kertið sem ég varð að klifra upp sprakkr miðju og hjartað tók að slá tölувert örur.

Strákarnir áttu auðveldara með þetta þar sem þeir reyndu ekki einu sinni að fara af stað með pokana og gátu nýtt sér gígana sem ég var búinn að höggva í ísinn. Eftir um tvöhundruð metra hækjun á harðþökkuðum snjó í 30 gráðu brekkunni sem myndi við minnstu mistök senda mann 800 metra niður suðurhlíðina á tíma sem Kristinn Björnsson gæti verið stoltur af, komum við að næsta fossi. Klukkan var orðin fjögur og sólin sá til þess að niður fossinn var stöðug skothríð af smásteinum. Til að sleppa við steinana var ákveðið að skella sér upp klettana til hliðar við fossinn. Ég var aldeilis ánægður með sjálfan mig að fá að leiða svona flotta klettaspönn á þessu fallegasta fési landsins og hafa auk þess haft vit á því að taka með mér einn fleyg í verkið. Sú sæla var skammvinn, þar sem ég var að



Ívar á rauðu buxunum, með rauða bakpokann í rauðu klettunum. Ljósm.: Örvar A. Porseirsson.

hugsa um hvað ég tæki mig nú vel út í rauðu buxunum mínum, með rauðan bakpoka utan á rauðum klettum og hvað þetta væri nú grand leið missti ég fleyginn úr höndunum og horfði á directisma drauma mína skoppa niður suðurhlíðina.

Það var ekki annað að gera en að fára sig enn lengra til vinstri og fara upp frekar óspennandi klettahaft með mörgum syllum ötuðum í möl og drullu, án þess að tryggja. Eftir eina spönn upp og eina til hægri, komumst við aftur í ís og klifruðum upp nokkur höft og upp að næsta fossi. Það var að nálgast kvöldmat þegar Örvar byrjaði að leiða hann. Ísinn leit svo sem ekki illa út en það hefði mátt vera meira af honum. Örvar var hinsvegar að taka sinn tíma í þetta. Þegar ofar dró og maður heyrði syngja í stökkum ísnum þar sem hann laeddist á milli sveppa fór ég að skilja hvað það var sem tafði hann svo mjög. Til að stytta okkur Einari stundir þar sem við sátum og biðum, setti Svínafellsjökullinn af stað heljarinnar hrún fyrir neðan okkur og þyrlaði upp risa skýi sem náði langt niður eftir, Himalayan style.

Ég þakkaði fyrir sjónarspilið með nokkrum virðingarfullum upphrópunum sem ekki er við hafi að hafa eftir og stal svo augnablikinu á filmuna hans Örvars.

Þegar við svo loks vorum búnir að hífa pokana okkar upp og ég búinn að klifra spönnina gat ég ekki annað en étíð hljóðlega ofan í mig allt sem ég var búinn að hugsa um þegar Örvar var allan þennan tíma að leiða spönnina. Mest af öllu var ég samt svekktur yfir að hafa ekki fengið að leiða erfiðustu spönnina sjálfur. Það var komið langt fram yfir myrkur þegar við fundum syllu til að sofa á. Syllan var eins og sköpuð með þennan eina tilgang í huga, efst á hrygg með útsýni niður á jökullinn og kúpta barma svo enginn gæti runnið fram af eða misst eitthvað. Það voru þreyttir en sælir fjallamenn sem skriðu ofan í pokana sína þetta kvöld eftir staðgóðan kvöldmat af einhverju pastasulli. Stjörnubjartur himinn hélt ekki lengi fyrir okkur vöku, ef frá er talinn Örvar, en það var gat á windsænginni hans.

Allir vöknudu þó aftur ófrosnir og eftir morgunmat og stratískar þælingar var ákveðið að skilja það sem við þyrftum ekki til að klifra með eftir og taka það á niðurleiðinni. Við hliðruðum niður af hryggnum hægramegin og festum okkur við síðasta fossinn. Gamli maðurinn vildi nú fá sinn skerf af fjörinu og tók fyrstu spönn dagsins. Því miður var þessi foss ekki jafn brattur og ég hafði vonað, en hann fór í þremur spönnum sem voru tengdar saman af bröttum snjóbrekkum. Sú fyrsta var 20 m og 4. gráða, miðspönnin var 30 m og 5. til 5+ og sú síðasta sem lá í gegnum göng var einnig 30 m en bara 2. til 3. gráða. Eftir þetta var einföld leið upp glæsilegan hrygg og upp á suðurtindinn. Þangað vorum við komnir um eitt.

Eftir toppamyndir og að hafa staðfest að enginn hafði nennu til að fara á norðurtindinn, sem er hæstur, sigum við niður norðanmegin og röltum niður að skriðjöklinum sem skilur að Suðurhrygginn og Svetliskarð. Eftir smá ævintýramennsku og krákustíga á milli jökulruðninga, komum við undir síðustu spönnina í Scottsleiðinni, og mig langaði ekkert að klifra hana, enda ekki mikil eftir af henni svo seint á árinu, annað en klettar með smá íshröngli á stöku stað. Við náðum í afganginn af dótinu og ákváðum að fara niður hrygginn því við nenntum ekki að ganga vestureftir í Svetliskarði og auk þess hefði það gert okkur erfiðara fyrir að ná í skíðin. Eitt

SKOÐAÐU HEIMINN HÆGT, UPPLIFÐU NÁTTÚRUNA...

# ÍSLAND - GRÆNLAND - NORÐUR AFRÍKA

ÍSLÉNSKIR  
FJALLA  
LEIDSÓGU  
MENN  
ICELANDIC MOUNTAIN GUIDES  
LES MONTAGNES DES MONTAGNADES



## Íslenskir Fjallaleiðsögumenn

Vagnhöfða 7b, 110 Reykjavík

Sími: 587 9999 · Fax: 587 9996

Farsími í Skaftafelli: 894 2959 / 854 2959

Netfang: mountainguide@mountainguide.is

Veffang: www.mountainguide.is

## FAGMENN Í FARARSTIÓRN

sig niður lykilklaflann í hryggnum kom okkur niður á mjög óhuggulega brekku undir stórum vegg sem nokkura kílóa steinar hrundu úr öðru hverju. Við ákváðum að tveir myndu síga á báðum línunum niður eins langt og mögulegt var en sá síðasti fylgdi svo á eftir bundinn í línurnar. Með þessu móti væri hægt að hafa einhverja stjórn á öllum ef einhver fengi grjót í hausinn. Eftir tvö sig ákváðum við hinsvegar að öruggara væri að lágmarka tímann sem við eyddum í brekkunni og tókum allir að niðurklifra eins hratt og auðið var. Öðru hvoru var litid upp til að sjá hvort eitthvað kæmi fljúgandi niðurhlíðina.

Ég sá steininn aldrei en hann flaug nokkra sentimetra yfir hausnum á Örvari og tók svo vænt stykki úr annarri ísexinni hans Einars. Enn og aftur kom umst við upp með heimskupör til fjalla. Eftir að hafa hlíðrað yfir brekkuna að byrjuninni á okkar leið og Scottsleið gátum við rennt okkur á rassínnum niður að skíðunum.

Klukkan var orðin sex þegar við vorum komnir niður á skriðjökulinn og það gekk ekki áfallalaust fyrir okkur. Örvar að standa uppréttir á skíðunum í plastskóm með örþreytt læri. Einar sem hafði verið á combi skóm allan tímann var hinsvegar svo vænn að stoppa öðru hverju til að bíða eftir okkur og taka video af klaufalegum aðförum okkar. Punkturinn yfir i-ið var svo settur með því að tæma úr einni krús í leðrinu á Freysnesi og skýra leiðina Postulínsleiðina eftir ísnum í spönninni hans Örvars.

Það hljómar líka betur á ensku, „China –route“, þegar við verðum allir orðnir heimsþekktir klifrarar og fjöldi fólks úti í heimi kann orðið klifurferlana okkar utanaf.

Allt í allt, góð leið á fallegt fjall. En það á enn eftir að endurtaka Scottinn, og þegar það er búið er ekki úr veki að klifra Postulínið á einum degi frá bíl í bíl, svona ef þig lesandi góður vantar eitthvað að gera um þáskana.

hönnun: Ragnheiður Inguru Ágústsdóttir

Göngutími er 1–2 klst. Aðal svæðið í og innst í dalnum til vinstrí er Testofan, en nokkrar léttari leiðir eru á leiðinni upp í dalinn og einnig austast upp við Stigárjökulinn sjálfann. Ekkert hefur verið klifrað enn kringum Stigárjökulinn. Upp úr Stígárdalnum til norðurs gengur gil sem ég kalla Hlaupárgil. Þar eru nokkrar leiðir, en aðeins ein hefur verið klifruð, The Running Year's Day Route.

### Testofan

- 1) Sléttubjargafoss WI 5 60 m  
Dan Gibson, Ívar Finnborgason & Einar Sigurðsson 4/3/99
- 2) Leðursófinn WI 4+  
Örvar Atli Porseirsson & Eiríkur Stefánsson 25/2/00
- 3) Te Fyrir Tvo WI 4  
Tómas Júlíusson & Karl Ingólfsson 25/2/00
- 4) Svart og sykurlaust  
Toni Klein & Marcus Danner 25/2/00
- 5) American Beauty  
Pete Taketa & Dave Seldon 26/2/00
- 6) Hekla 2000 WI 5+ 50 m  
Rúnar Óli Karlsson & Ívar Finnborgason 26/2/00


- 7) Dýflissan WI 4 60 m  
FF Sigurbjörn Gunnarsson og Einar Sigurðsson 26/2/00
- 8) Skrekkur WI 5  
FF Páll Sveinsson & Hallgrímur Magnússon 26/2/00


### Öræfi austan Stígárdals (allt óklifrað 2002)

Rétt austan við Stígárdal eru súperleiðir í kringum annan hæsta foss Íslands, Stigafoss (138 m). Svæðið er erfitt aðkomu, en á örugglega eftir að öðlast frægð. Það eru stuttar leiðir og auðveldari aðkomu í Bleikafjalli, aðallega þó í Eyjafjalli sem er lágt flatt fjall austast undir Bleikafjalli næst Hólárjöklí.

Nokkrar alvarlegar leiðir myndast í fallhömrum í Staðarfjalli við Hólárjökul austanverðan og margar flottar leiðir eru framan í Staðarfjalli. Til að komast þangað er best að fara slóða sem liggur frá þjóðvegi skammt austan við Hól.

Vist er að Kvískerjafjöllin luma á klassaleiðum, og þar er allt ósnert ennpá. Austar eru fjöllin Ærfjall og Breiðamerkurfall með einhverjar leiðir, en þessi svæði eru ekki mjög aðgengileg. Ærfjallid er umlukið jökl, og til að komast í Breiðamerkurfall þarf að komast yfir Breiðá annað hvort á báti eða með kláfferju.





# Prílað í Perú

Ferðasaga í fimm liðum

eftir Ólaf Ragnar Helgason

Hér segir frá ferðalagi sem greinarhöfundur fór í ásamt þeim Ívari Frey Finnbogasyni,  
Sigurði Skarphéðinssyni og Rúnari Óla Karlssyni ferðamálafulltrúa.

Ferðin var farin sumarið 2000.



Franskir og S-Ameriskir Klifrarar  
á hryggnum á Tocllaraju.  
Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason



## 1. Í Ishinca dal

Til að gera langa sögu stutta hófst þetta á flugferð: Keflavík – London – Bogota – Lima. Síðan skröltumst við með rútu frá höfuðborginni Lima til fjallaþorpsins Huaraz. Eftir nokkurra daga aðlögun í Huaraz fórum við síðan í fyrstu fjallaferðina okkar. Leiðin lá í Ishinca dalinn en þar eru fínir tindar til að koma sér í gang og ná sér í hæðaraðlögun. Gangan innefnir er mjög tilkomumikil og allir skröltumst við inn dalinn, í misjöfnu ástandi þó, en tjaldbúðir eru í um 4800 metra hæð. Fyrsti tindurinn sem við gengum á var Urus (5495 m) en á hann er tiltölulega þægilegt brölt upp skriður og snjóbrekkur. Gangan tók þó hraustlega á vegna hæðarinnar og Rúnar ældi eins og múnki alla leiðina niður. Ívar ákvæð að hvíla sig betur í tjaldbúðunum en hann var heldur slappari en við hinir. Daginn eftir fór hann síðan einsamall á Urus meðan við hinir hímdum í tjaldbúðunum, tuggðum kókalauf og reyndum að finna heilsuna aftur. Næsta verkefni var Tocllaraju (6032 m) sem stendur fyrir botni Ishinca dalsins. Við lögðum af stað uppúr hádegi og þrómmuðum á nokkrum tímum uppendir megitindinn sjálfan og slógum upp tjöldum þar á skriðjöklinum og elduðum

Ívar í múmíuklæðum á Tocllaraju.  
Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

undir einu stórfenglegasta sólarlagi sem ég hef séð. Morguninn eftir tókum við alpastart og Rúnar mallaði einhvern alversta hafragraut sem eldaður hefur verið í sögu mannkyns, brimsaltan og kolbrunnin. Ég hefði verið til í að borga háar fúlgur fyrir staðgóðan morganverð eins og coco puffs með mjólk en hafragrauturinn varð að duga. Við eltum bjarmann frá höfuðljósunum upp fyrstu brekkurnar sem smám saman urðu brattari og á endanum var þetta orðið allbratt snjóbrölt. Rúnar var ennþá ansi slappur og eftir að hafa skilað hafragrautnum öllum (og einhverju fleiru) út um sama op og hann kom inn ákvæð hann að snúa við. Ekkert vit í öðru enda var kallinn ansi hreint aumingjalegur á að líta. Við hinir skriðum út úr skugganum og upp á hrygginn sem lá upp að toppnum þar sem fyrstu sólargeislar dagsins mættu okkur. Við mjökuðumst áfram, fyrst 10 skref í einu, síðan 5 og á endanum voru þau vart meira en 2-3 milli þess sem við hvíldum okkur fram á ísaxirnar. Við klifum upp eitt ca. 20 m snjóhaft og þá sást loksins toppurinn ca. 200 metrum fyrir ofan



Hortf yfir Cordillera Blanca af toppi Huascaran. Quitaraju er vinstra megin við miðju þá koma Alpamayo, Artesonraju, Pyramide og Chacraraju. Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

okkur. Tæpum 100 metrum ofar losaði Ívar sig úr línunni og settist í snjóinn. Við Siggi siluðumst áfram og um 30 metrum fyrir neðan toppinn komum við að risastórra jaðarsprungu sem leit ófrýnilega út. Við veltum vöngum yfir stöðunni og mátum það svo að það tæki okkur sennilega a.m.k. two til þrjá tíma að komast yfir sprunguna en til þess hefðum við sennilega þurft að síga niður í hana og klifra upp aftur hinum megin. Þar sem við vorum frekar slappir ákváðum við að kalla þetta gott og fara niður. Það var mjög af Ívari dregið en eftir nokkra stund náðum við niður í tjöld þar sem Rúnar beið með heitt vatn og súpu handa okkur. Við næroðumst aðeins og héldum síðan áfram niður í grunnbúðir þar sem Leoncio, perúski tjaldvörðurinn okkar, tók okkur fagnandi.

## 2. Huascaran

Næsta verkefni var Huascaran (6768 m), hæsta fjall Perú, og við lögðum af stað þangað eftir að hafa endurnært líkama og sál í nokkra daga í Huaraz. Við leigðum okkur asna og asnaekil (arriero) undir hluta

af dótinu og þrómmuðum af stað upp í grunnbúðir sem eru í 4900 metrum. Daginn eftir hækkuðum við okkur svo upp í um 5400 m og slögum þar upp tjöldum. Með okkur í för hafði slegist bandaríska slökkviliðskonan Amy en skoskur klifurfélagi hennar hafði orðið fyrir því að drekka full mikið í Huaraz nokkrum dögum áður en hann lagði á fjallið. Verra var hinsvegar að honum gekk mjög illa að ná úr sér timburmönnum og hæðin gerði honum leikinn ekki auðveldari. Hann ákvað því að snúa við í grunnbúðum og fara niður og fá sér afréttara. Af sannri sjentílmennsku tókum við því Amy í hópinn. Daginn eftir lögðum við af stað upp í efstu búðir. Á leiðinni þarf að fara í gegnum allmikið jökulbrot og þvera eina brekku sem nokkuð reglulega falla niður snjóflóð og „séracabrot“ á stærð við fólkssíla, enda óhugnanlegt jökulbrot efst í brekkunni. Við losuðum okkur úr línunni áður en við sprettum yfir brekkuna eins hratt og lungu og læri leyfðu. Við önduðum öll léttar hinum megin brekkunnar og það var ekki laust við blóðbragð í munninum á mér eftir átökin. Nokkru ofar tjölduðum við í skarðinu milli Huascaran Sur og Huascaran Norte. Heilsufar okkar var upp og ofan. Rúnar var aftur farinn að spúa öllu



„Sexiest woman of the year 2000“ ásamt fylgisveini (Óli Raggi) á toppi Huascaran. Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

sem hann reyndi að koma niður og ég var frekar slappur og með mikinn hausverk. Það var heldur ekki á það bætandi að í skarðinu var blankalogn og sólin sá til þess að það var grillhiti á svæðinu. Restina af deginum lágum við því máttlausir inni í tjaldi á nærbuxunum eins og sannir háfjallaperrar. Þegar við ætluðum að leggja í lokaásfangann eldsnemma um morguninn eftir var ástandið á hópnum ekki sérlega gott. Ívar var farinn að pissa blöði, Rúnar aðla því og Siggi sem hafði verið eldhress kvöldið áður var gjörsamlega heillum horfinn. Það varð því úr að Ívar og Rúnar drösluðu Sigga niður en ég og Amy héldum tvö áfram. Við klifum allbrattar snjóbrekkurnar og klofuðum jökulsprungur í veikri birtu frá kallinum í tunglinu og náðum loks toppnum kl 10:00 að morgni, um 5 tímum eftir að við lögðum af stað úr efstu búðum.

Það var rjómablíða, heiðskírt og logn, og við alein á toppnum með útsýni yfir endilangan Andesfjallgarðinn. Eftir rúman hálftíma á toppnum lögðum við í hann aftur niður. Þegar við komum aftur niður í efstu búðir leist okkur hreint ekki á snjóflóðabrekkuna illilegu sem við þveruðum á leiðinni upp. Vegna sólbráðar hrundu þar reglulega niður ísflykki og við ákváðum því að gista aðra nótt í efstu búðum og halda áfram niður eldsnemma morguninn eftir. Við komumst svo niður í grunnbúðir daginn eftir þar sem strákarnir biðu eftir okkur, nokkuð beygðir en ekki brotnir.

### 3. Artesonraju

Upphaflega planið var að fara næst á Alpamayo en við fréttum að þar væri fyrir mikill fjöldi klifrara og aðeins ein leið fær á tindinn. Eftir nokkra hvíldardaga í Huaraz ákváðum við því að fara frekar inn í Paron dal og reyna við Artesonraju (6032 m) sem er fyrirmynndin að vörumerki Paramount kvikmyndaversins. Við héldum því þangað ásamt tveimur Bandaríkjamönnum sem deildu með okkur bílfari. Paron dalurinn er hreint ótrúlega fallegur, umluktur glæsilegum tindum á borð við Pyramide, Artesonraju og Chacraraju. Við reistum grunnbúðir innst í dalnum og daginn eftir lögðum við í hann á Artesonraju. Gangar upp í jökulruðningsbúðir er tiltölulega stutt og söttist Ívari, Sigga og Rúnari vel en ég var hinsvegar slappur með mikinn höfuðverk og brjóstsviða eins og ég hefði drukkið saltsýru. Þegar ég kom þangað um klukkutíma á eftir strákunum voru þeir búnir að tjalda og byrjaðir að elda kvöldmat. Við tróðum okkur undir himininn af tjaldinu hans Ívars og tókum alpastart daginn eftir enda langur dagur fyrir höndum. Eldsnemma morguninn eftir stóðum við svo undir hinni 1400 metra háu suðausturhlíð Artesonraju. Ég var ennþá mjög slappur og orðinn verulegur dragbítur á strákana. Fyrir mig var því aðeins eitt að gera í stöðunni. Ég snéri við heldur dapur í bragði og lullaði af stað aftur niður. Á leiðinni stoppaði ég í um klukkutíma á skriðjöklinum fyrir neðan Artesonraju og horfði á ljósdlana frá strákunum silast upp neðstu brekkurnar í hlíðinni.

Strákarnir paufuðust upp um 60° bratta hlíðina í heldur erfiðum aðstæðum, sykursnjó og íshröngli. Þar að auki lá þokuslæðingur yfir fjallinu þannig að skyggni var fremur lítið. Efsti hluti fjallsins er enn



Artesonraju glóir í kvöldsólinni. Leiðin liggur beint upp skuggahliðina. Ljós.: Ólafur Ragnar Helgason.

brattari og eftir að hafa klöngrast upp örmjóan hrygg efst í hlíðinni með um 1200 m til hvorar handar náðu þeir toppnum að endingu í þokusudda. Eftir myndatökur og önnur skyldustörf á toppnum var lagt í hann niður. Vegna aðstæðna í hlíðinni og hryggjarins efst í fjallinu kom ekki til greina að reyna að síga niður sömu leið.

Rúnar lýsir niðurferðinni svo:

„Við náðum að búa til sex góð sigankeri en þá fundum við ekki meiri ís. Það var byrjað að snjóa svoltíð meira og rann snjórinn jafnóðum niður fjallið. Ómögulegt var að búa til snjópolla vegna þess að snjórinn var eins og sykur. Það eina sem við gátum gert var að bakka niður fjallið með 800-900 metra snarbratta brekku undir fótunum á okkur. Áttum við tvo tíma eftir af birtu og vorum við farnir að keppa við klukkuna. Við sáum stundum glitta í jökulinn og mikil rosalega var hann langt fyrir neðan. Við hófumst banda við “bakkið” og komum niður að fjallsrótum fjórum tímum seinna. Langþráður vatnssopi og kex beið okkar í bakpokanum

sem við skildum eftir. Klukkan var orðin átta og ekkert annað að gera en drífa sig niður í tjald. Verst var að snjóað hafði í forin og við í vandræðum að rata rétta leið. Siggi var orðinn ansi líunn og lagðist niður í hvert skipti sem við stoppuðum. Hann kúgaðist líka oft, líklega vegna svengdar og þreytu. Ómögulegt var að finna leiðina heim í tjald svo við lögðumst fyrir í jökulurðinni og ákváðum að biða þess að þokunni létti. Að lokum komumst við heim í tjald eftir 22 tíma ferðalag. Ég hafði einungis borðað fjórar kexkökur og var svengd farin að segja til sín. Preytan var yfirsterkari og við sofnuðum án þess að fá okkur að borða.“

#### 4. Pucaraju og Huscaran (taka tvö).

Eftir nokkra hvíldardaga í Huaraz og ótæpilegt magn af Pisco Sour lögðum við á fjöll eina ferðina enn. Ívar og Siggi ætluðu að gera aðra tilraun við Huascaran og mér til mikillar ánægju var Rúnar ekki í stemmingu fyrir það heldur langaði frekar til að komast í eitthvað almennilegt klifur. Við skiptum því liði og ég, Rúnar og Jessy Foster, annar Bandaríkjamannanna sem var samferða okkur upp í Paron dal, lögðum í hann á Pucaraju, afskekktan og sjaldklifinn 5450 m háan tind með glæsilegu suðurfési. Tveggja



Siggi zúri, sólbrenndur með saddin kvið, nýkominn af Artesonraju. Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

tíma leigubílaferð á innan við 1000 krónur íslenskar skilaði okkur eins langt og hægt var að komast akandi að Pucaraju. Við tókum síðan two fremur rólega daga og gengum upp undir fésið sjálft þar sem við bívökkuðum. Eftir að hafa glápt á helstu leiðirnar upp fésið sjálft ákváðum við að fara hina svöklluðu „Prinsessuleið“ þar sem aðrar leiðir virtust frekar íslitlar eða einfaldlega ekki vænlegar. Prinsarnir þrír byrjuðu því að skrifða upp undir pilsfald prinsessunnar í dagrenningu morguninn eftir. Leiðin sjálft var rúmir 400 metrar í frekar þunnum ís og af graðunni TD. Klifrið sóttist okkur seint vegna þess að það var mjög erfitt að tryggja í þunnum ísinn og samansumað bergið bauð ekki upp á mikla tryggingarmöguleika heldur. Niðurferðin reyndist líka heldur torveld þar sem við þurftum að bakka, skrifða og síga niður drulluskríður og hamrabelti. Um tíma var farið að líta út fyrir að við næðum ekki niður í birtu en naumlega slapp allt fyrir horn og við næðum niður í efstu búðir eftir langan dag.

Á sama tíma lento Siggi og Ívar í töluverðu basli á Huascaran. Siggi var frekar slappur og aðstæður í ísfallinu í falljöklínnum fyrir neðan efstu búðir höfðu versnað til muna frá því við vorum þar áður. Pað

sem áður var brölt var nú orðið nokkuð strembið klifur í glerhörðum jökulís. Til að bæta gráu ofan á svart lento þeir í vandræðum með eina prímusinn sem þeir höfðu meðferðis. Af harðfylgi náðu þeir þó að komast á toppinn og niður aftur heilir. Sannaðist þar hið fornveðna að “allt er hægt með vilja, verkjalyfum og vaselíni”.

Eftir þessar vellukkuðu ferðir hjá okkur héldum ég, Siggi og Rúnar á vit fleiri ævintýra og ferðamanna á slóðir Tinna í Machu Picchu, Týndu borg Inkanna. Ívar varð hinsvegar eftir í Huaraz og fór góða TD leið á tindinn Churup (5495 m) með Jessy.

## 5. Hnetur og boltar

Besti tíminn til að klifra í Cordillera Blanca er í júní og júlí og ferðalag þangað hefst yfirleitt á því að koma sér til Lima. Ég mæli með flugi en við félagsarnir vorum nokkuð heppnir hvað það varðar. Við flugum frá Fróni til Lundúna með Atlanta og síðan London – Bogota - Lima með kólumbísku flugfélaginu Avianca. Ef menn nenna að grúská á netinu ætti að vera hægt að finna frekar ódýrt flug frá London eða öðrum borgum Evrópu, sérstaklega ef flugið er niðurgreitt með kólumbísku hveiti. Pað borgar sig líka að tékka vel á hvaða reglur flugfélögin hafa um yfirvigt. Við sluppum með flugið innan við 70.000 á mann, Keflavík – Lima og aftur til baka. Flugfarið er meginparturinn af kostnaðinum því það er tiltölulega ódýrt að vera í Perú og ef menn sleppa ódýrt með flug ætti að vera leikur einn að fara til Perú fyrir langt innan við tvöhundruðkallinn.

Frá Lima taka menn yfirleitt rútu til Huaraz. Við mælum með rútfyrirtækinu Cruz del Sur en bílarnir þeirra eru hinir glæsilegustu auk þess sem þeir hafa bílfreyjur, þ.e. flugfreyjur í bíl. Pað borgar sig að pantat rútuferðina með smá fyrirvara. Þegar til Huaraz er komið er að finna sér gistingu. Gisting er í ódýrari kantinum en eftir því sem fjöldi ferðamanna hefur aukist hefur verðið stigið að sama skapi undanfarin ár. Við gistum m.a. hjá Eduardo á Edwards-Inn sem er notalegur staður en kannski

# Hvert er ferðinni heitið?



Hvort sem leiðin liggar um fjöll eða firnindi, að sumri eða vetri, eru örugg(ur) með GARMIN í farteinsku. GARMIN tækin eru létt, handhæg og einföld í notkun og bjóða upp á það besta í staðsetningartækni.



Nýtt Geko 101  
kr. 13.900

Nýtt Geko 201  
kr. 16.900



R. SIGMUNDSSON ehf

Fiskislóð 16 · Sími: 520 0000 · www.rs.is

Söluaðilar um allt land

ekki sá ódýrasti (á perúskan mælikvarða). Eddi er mönnum hinsvegar innan handar um að redda bílferðum, vaktmönnum eða ýmsu öðru sem kynni að vanta. Edwards-Inn er líka nokkuð vinsælt hjá kliffrum og þar er því oft hægt að nálgast ýmsar upplýsingar úr fjöllunum.

Allan mat er hægt að fá á staðnum og hreinsað bensín (Bensina Blanca) er líka hægt að fá í Huaraz. Það er einnig algengt að menn leigi sér tjaldverði til að vakta tjöld í grunnbúðum meðan menn eru á fjöllum, sérstaklega á vinsælustu fjöllunum. Asna undir farangur og asnaekil (arriero) er líka hægt að leigja og einfaldar slíkt málin tölувert. Það er samt varasamt að stóla á að fá almennilegan þurrmat eða einhverskonar orkusull í Perú og úrvalið af góðu súkkulaði er ekki mikið. Verkjatöflur og sýklalyf er hægt að kaupa í apótekum á staðnum en við mælum með að menn taki vatnshreinsitöflur (klór eða joð) með að heiman.

Veitingastaðirnir eru flestir í slakari kantinum. Almennilegar pizzur eða hamborgarar eru vandfundir þó að allflestir veitingastaðirnir geri misheiðarlegar tilraunir. Pizza í annarri og hamborgari í hinni er því ekki málið í Perú. Sumir veitingastað-

anna eru fáránlega ódýrir og það er hægt að fá hrísgrjónarétti eða kjúkling á sama og ekki neitt sem yfirleitt er þokkalegasti matur. Eins og flestar guidebækur gera er rétt að vara við "fersku" grænmeti og öllum mat sem er ekki vel eldaður en þó maður geri það þá má það vera meira lukkutröllið sem ekki fær a.m.k. smá vott af steinsmugu. Við fundum hinsvegar nokkra góða veitingastaði í Huaraz og mælum með þessum helstum: Creperie Patrick's, Tælenski staðurinn Siams de los Andes, Pizzeria Brunos (dálítið dýr, en ekki reyna aðra pizzustaði) og The Bar (austurískur kokkur sem eldar eðal Alpaca steik).

Climbs of the Cordillera Blanca eftir David Sharman er besta bókin um klifur í Perú og er ómissandi. Touching the Void er líka athyglisverð lesning um hvað maður ætti að forðast í Perú (og reyndar á fjöllum almennt). Einnig er vert að geta þess að fullt af greinum um Perú er að finna í eldri árgögum betri klifurblaða auk þess sem misgóðar síður er að finna á netinu. Annars er hægt að fá upplýsingar um flest sem varðar fjöllin og aðstaður á þeim í Casa de Guias (Gæða-húsið) í Huaraz.

# Gutta på tur

eftir Ólaf Ragnar Helgason

## 1. Skólastrákar í skógarferð

En það bar til um þessar mundir að ég var staddur í Noregi. Nánar tiltekið undir stýri á Corollunni hans Jóns Hauks á Þjóðvegi 1, skammt suður af Prándheimi.


„Ég skil ekki þessa endalausu skógrækt heima. Maður sér ekkert fyrir þessu drasli...blablabla“ Jónki messaði yfir mér eins og smábarni um skógræktarstefnu Íslendinga og var augljóslega ekki mikill skógræktaráhugamaður. Ég hafði augun á veginum enda var það mitt auðmjúka hlutverk að vera bílstjóri fyrir Jónka eftir að norska löggan hirti af honum skírteinið fyrir að keyra á 78 km/klst í gegnum Oppdal í sunnudagsbíltúr með tengdó. Og þar með voru örlog mín þann veturinn einnig ráðin: Driving Miss Daisy.

Petta var í september 1999 og ég nýkominn til Norge að herja og afla mér frægðar og sæmdar líkt og Íslendinga hefur verið síður síðan þeir Gunnar og Egill stóðu uppi í stafni og stýrðu þangað dýrum knörrum. Jón Haukur var búinn að vera í Prándheimi einn vetur og hafði hlerað að það ættu að vera ágætar 3–4 spanna klettaleiðir í Størenhamrinum sem ég skímaði eftir út um framrúðuna samhliða því sem ég reyndi að halda kúrsinum á kræklóttum veginum.

Við lögðum bílnum í vegkantinum og spásseruðum af stað þennan smá spotta upp að klettinum. Jónki er einn af örfáum Íslendingum undir sjötugsaldri sem hefur hið íslenska þúfnagöngulag en á árum áður var það alþekkt í sveitum landsins: Hendur fyrir aftan bak, örlítið kjagandi og næstum eins og hann sé að detta fram fyrir sig í hverju skrefi og muldrandi eitthvað óskiljanlegt útí loftið; „made in sveit.“

Neðsti hluti klettanna var hulinna allþykku skógarrjóðri og við reyndum að sjá einhværn slóða þar í gegn en á endanum ákváðum við að elta bara nefið, skólastrákar í skógarferð. Eftir að hafa vaðið skóginn komum við upp að klettunum. „Það er nú

Miss Daisy of norsk jenta í Korsvíkinni.  
Ljósm.: Úr safni Jóns Hauks.





Bílstjórinn brattgengi á Lynegginni. Ljósm.: Jón Haukur.

ekki beinlínis augljóst hvar maður á að byrja“ sagði ég en klettarnir voru allir þaktir skófum, mosa og hreistri og þetta leit satt að segja ekki út eins og vinsælt klifursvæði. Eftir örliðið þóf fundum við þó smá glennu þar sem sást uppúr skógarþykkinu og upp hamarinn. „Þetta hlýtur að skýrast þegar við komumst aðeins upp úr þessum skógi“ sagði Jón Haukur og hnýtti sig í annan endann á línumni. Jónki lagði af stað í fyrstu taulengdina og ég stóð undir mosadrífunni sem fylgdi á eftir. Eftir smá stund heyri ég hvíni, „helvítis, djöfulsins, andskotans“, og svo kemur Jónki húrrandi niður í moldarkófi. Kallanginn hafði runnið til á einhverri mosa-lufsu en sem betur fer tók þyrnirunninn sem ég stóð við hliðina á af honum mesta fallið. „Huh!“ heyrist í Jónka og hann er rokinn af stað aftur moldarrjóður áður en ég kem upp orði. Það gengur betur í þetta skiptið og ég horfi á eftir línumni ganga út hægt og rólega. Eftir nokkra stund hægist á línumni en á sama tíma á sér stað athyglisvert samtal ca. 25 metrum fyrir ofan mig:

„Hvorfor bruker dere ikke stien?“

„Ha...Hmmm...Jeg...Vi bara trodde at det faktiskt ikke var sti her“ segir Jónki við miðaldrá gráhærðan Norðmann sem horfir stórum augum á hann koma blóðrispaðann og moldarbrúnann kraflandi upp á göngustíginn sem lá upp neðstu brúnnirnar á klettinum.

„ÉG ER KOMINN.“

„ÓKEI“ segi ég og losa hann úr tryggingunni.

„ÞAÐ ER EINHVER STÍGUR HÉRNA UPPI!“

„NU?“

„JÁ OG EINHVER MADUR HÉRNA LÍKA!“

„HA?“

„JÁ JÁ“

„HEYRDU...ÉG KEM“ segi ég, spýti út úr mér snusinu, og elti línumna upp klettinn.

Þegar ég kom upp þá sat Jónki á göngustígnum og tryggði mig með Sólheimaglott á andlitinu. Þar blöstu við þessar líka finu leiðir í glannagóðu bergi og á endanum fórum við „Lyneggen“, þægilega 3ja spanna leið, með íslensku afbrigði þó. Svo var náttúrulega bara bundið í tré og sigið niður.

## 2. Pyrnirósin

Rrrriiing!! (á norsku).

„Blessaður“

„Sælir“

„Heyrðu manni...er ekki réttast að skella sér í Korsvíkina?“

„Ha....jú jú.„

„Það er heitt á könnunni“

„Ókei ég kem eftir 2“ sagði ég og skellti á.

Tíu mínútum síðar brunaði ég á „Gary“ í humátt á eftir Jóni Hauki í gegnum miðbæinn í Prándheimi og kaffið sullaðist í maganum á mér. Eftir 5 mínútna hjólatúr lögðum við hjólunum og klöngruðumst yfir sjávargrjótin í Korsvíkinni. Korsvíkin er lókal klifursvæðið í Prándheimi og hún er í hjólaferi frá miðbænum. Þar eru nokkrar góðar grjótgílmur en vinsælastar eru þó knippi af 10 – 15 metra háum leiðum í sjávarbörðum helli sem slútta nokkuð yfir sig. Það er gráupplagt að klifra í Korsvíkinn seinni-part dags en þá skín sólin þar og í hellinum er einnig prýðilegt skjól fyrir vind.

„Það er nú orðið nokkuð langt síðan ég hef klipið í klett“ sagði ég þar sem við hnýttum okkur í línumna í hellinum.



Jón Haukur klifrar Daltárnet. Skarfjell í baksýn.

Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

„Það er í góðu lagi. Það er ein leið hérna sem ég var að vinna aðeins í fyrra. Þú getur bara prófað að toppa hana á eftir mér“ sagði Jónki.

„Ókei“.

Jónki náði að humma og bölvu sig upp leiðina í tveimur tilraunum og þá var komið að mér að prófa að „toppa“.

Ég lagði af stað og þetta byrjaði bara nokkuð vel. Jájá...þetta er bara fínt, nokkuð bratt, ef þetta heldur áfram svona þá næ ég örugglega að klára þetta, hugsaði ég.

En Adam var ekki lengi í paradís. Þegar ég var kominn svona 4–5 metra upp í leiðina fór heldur að syrta í álinn. Skyndilega snarfækkaði tökunum í leiðinni og ég byrjaði að lenda í basli. Það var sama hvernig ég reyndi að glenna mig og geifla, ekkert gekk að finna einhverja festu sem ég gæti hengt framlappirnar á.

Í sama mund og ég stóð í þessu basli bar þar að blómarós í norskri ullarpeysu og með fléttur, raulandi lag með Sven Ingvars. Þetta var stúlkugrey sem var komin þarna í sakleysi sínu til að klifra aðeins í Korsvíkinni með kærastanum. Nú háttar því svo til þarna að til að komast að klettunum þarf að klöngrast uppá stóran stein sem er inni í miðjum hellinum. Bakvið steininn er svo þétt rjóður af rósarunnum og öðru gaddagresi. Norska jentan var sem sagt akkúrat að komast upp á kollinn á steininum þegar það fór að draga til tíðinda hjá mér.

Ég var farinn að hristast og skjálfa í örvaentingarfullum tilraunum mínum í að komast herra í leiðinni. Þar að auki voru hendurnar á mér orðnar stíff-pumpaðar og ég var kominn með þvílíkan Elvis að Jónki var farinn að raula Jailhouse Rock.

Örvaentingin jókst og ég var kominn með tunguna upp í nef af áreynslu þegar eitthvað varð undan að láta. Það varð hjá mér spennufall þegar ég missti takið og byrjaði að sveiflast mjúklega í línumni í átt að steininum. Spennufallið fór hinsvegar fyrir lítið þegar ég áttaði mig á því að stelpan var nú komin upp á steininn og akkúrat í beinni skotlínu. Ég rak upp íslenskt vein, hún rak upp norskt vein og það varð ófjaðrandi árekstur þarna á steininum. Stelpugreyið þeyttist náttúrulega beint út í rósarunnann þarna fyrir aftan en í bakasveiflunni tókst mér að kippa henni jafnsnöggt aftur uppúr runnum og hún lenti þar. Jónki slakaði mér niður en stelpan stóð eftir upp á steininum þrumu lostin og útlítandi eins og henni hefði verið stungið inn í þurrkara í smá stund.

„Jeg beklager...det var helt ikke meningen“ sagði ég skömmustulega á minni hánorsku þegar við höfðum náð áttum.

Jónki glotti við tönn og fannst þetta greinilega allt hið spaugilegasta. Stelpan sagði ekki neitt og flýtti sér í burtu og lét sig hverfa úr augsýn okkar Íslendinganna.

Ég tryggði Jónka upp eina eða tvær leiðir, nagaði kvík-lunsj og blótaði sjálfum mér. Þau urðu ekki

fleiri klifurafrekin þann daginn og eftir dúk og disk bröltum við til baka og hjóluðum heim.

### 3. Innerdalens

Við Íslendingarnir slögumst í för með tindagrúppunni í Prándheimi í haustferð í Innerdalens, sem tilheyrir Trollheimen svæðinu. Með í för auk greinarhöfundar voru Jón Haukur, Margrét spúsa hans og Eiríkur Freyr Einarsson (sem síðar hlaut reyndar viðurnefnið Eiríkur Blámjöðm þegar hann var farinn að bera sterka líkamlega áverka eftir ótrúlega þrautsegu við telemarkæfingar í glærahárfenni í Kvítjell, en það er önnur saga). Innerdalurinn er skammt norðvestur af hinum nafntogaða Romsdal og líkt og Romsdalurinn er Innerdalen rótgróið svæði í norski klifurhefð þar sem frumkvöðlar slitu klifurskónum á árum áður.

Við fengum brakandi blíðu á laugardegi og ákváðum að fara á Daltárnnet sem gnæfir yfir Innerdalnum sunnanverðum. Prátt fyrir að það sé hægt að gera margt spennandi í Innerdalen þá kom eiginlega aldrei annað til greina hjá okkur en að fara á „Turninn“. Að norscum sið þá hófst gangan upp að fjallinu á skógarbarningi en síðan tók við rúmlega

klukkutíma ganga upp undir Daltárnnet. „Fjellet gir, fjellet tar“ stóð á minnisvarða um norskan fjallmann sem fært hafði fórnina stærstu á Turninum. Orð að sönnu og áminning sem skerpir mann að halda athyglanni í lagi.

Við klæddum okkur í beltin undir veggnum og spenntum á okkur hjólahálmana (því klifurhálmarnir voru ennþá heima á Fróni). „Harðir krakkar með hausinn í lagi.“ Síðan læddumst við upp SV-vegginn á turninum í fjórum spönnum. Bergið var að mestu nokkuð gott en inn á milli voru blokkir á stærð við fólkssíla sem sumar hverjar virtust standa ansi tæpt. Á leiðinni upp höfðum við frábært útsýni yfir til Skarfjellet en það státar m.a. af mörgum góðum klifurleiðum, bæði fyrir fríklifrara og stigamenn.

Við náðum upp á topp í ljósaskiptunum og horfðum á sólina setjast yfir Innerdalen og Skarfjellet. Síðan bröltum við niður NV hrygginn sem er algengasta leiðin upp á fjallið, óðum gegnum skóg, fen og drullu í myrkri þangað til við náðum aftur niður á tjaldstæði.

Það var fremur þungbúið á sunnudeginum og það voru því ekki framin fleiri afrek í þetta skiptið.

gakktu á vegg



# Lítil leiðarvísisir um Ingimund

eftir Ólaf Ragnar Helgason



## Um Ingimund

Ingimundur er klettaspíra í Steinafjalli undir Eyjafjöllum sem fyrst var klifin í júlí 1988 af nokkrum ÍSALP félögum. Síðan hefur alloft verið farið á dranginn og telst hann í dag hiklaust til klassískra klettaleiða á Íslandi. Bergið í Ingimundi er nokkuð gott til klifurs á íslenskan mælikvarða en drangurinn er í allþéttu hraunlagi ofaná móbergsmynndun Eyjafjalla. Hraunlagið teygir sig reyndar bæði til austurs og vesturs út frá Ingimundi og ekki er ólíklegt að þar megi finna fleiri spennandi klifurleiðir en aðkoman er nokkuð löng og strembin.

## Aðkoma

Gangan upp að Ingimundi er hin skemmtilegasta og er ekki mælt með að menn lesi eftirfarandi leiðarlýsing� of vel heldur láti fremur reyna á rötunarhæfileikann. Best er að hefja gönguna við bæinn Steina undir Eyjafjöllum. Leiðin fylgir giljum í hlíðinni og grassyllum á milli þeirra og þarf hvergi að klifra eða stunda óþarfa glæfraskap heldur er iðulega hægt að skjóta sér framhjá kletthöftum með því að hliðra út eftir grassyllum. Það borgar sig að

Austurhlíðin á Ingimundi. Upprunalega leiðin liggur upp augljósu grófina á myndinni og upp í klaufina. Mundu liggur framan á dranginum og sameinast upprunalegu leiðinni rétt fyrir neðan klaufina. Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

gefa sig á tal við bændur áður en haldið er upp því sauðfé á það til að komast í sjálvheldur á þessum slóðum og eigi ferðin að vera til fjár í bókstaflegri merkingu þá er gott að þiggja leiðbeiningar frá bændum þar að lútandi.

Gengið er upp grasbrekkuna neðst upp í augljóst gil austan megin og niður af Ingimundi, nánast beint upp af Steinum. Fyrir enda gilsins er klettapil allmikið, rautt á lit, og er farið upp úr gilinu austan megin og hliðrað yfir í næsta gil þar fyrir austan. Gengið er upp það gil og þarf að klöngrast upp lítið klettháft en þar hefur verið komið fyrir kaðli. Þegar upp haftið er komið blasir við annað klettháft nokkru hærra. Ekki þarf að klífa það heldur er best að hliðra til austurs eftir grassyllu yfir í næsta gil og ganga þar upp nokkuð bratta grasbrekku. Þegar komið er efst í það gil er hliðrað á nokkuð tæpri grassyllu til vesturs aftur til baka yfir í gilið. Gilinu er fylgt upp þar til kemur að klettháfti og þá er

Undir Ingimundi að suðvestanverðu. S fyrir Stratos liggur upp S-laga sprunguna á um miðjum dranginum, beint undir hátindinum. Þaðan er farið upp augljósu sprunguna vinstra megin við tindinn. Stefán Örn Kristjánsson stendur við besefann.  
Ljósm.: Ólafur Ragnar Helgason.

hliðrað eftir grassyllum til vesturs og síðan gengið uppá brún. Nú blasir Ingimundur við og þá er gengið eftir nokkuð skýrri götu vestur að dranginum.

### Klifurleiðir

Allar leiðir eru um 50 metrar og eru venjulega klifraðar í 1-2 spönnum. Niðurleið af Ingimundi er norðan megin en þar er hægt að klöngrast og/eða síga niður af dranginum.

### Upprunalega leiðin (orginalinn)

Suðvestan á Ingimundi, klifrað upp í augljósa gróf sem leiðir upp í sprungu austan megin við hátindinn. Komið upp á milli beggja tindanna á toppnum.

Gráða: 5.6

Fyrst farin: 17. júlí 1988.

Stefán Smárason, Haraldur Örn Ólafsson og Guðmundur Eyjólfsson.

### Mundi

Vestan megin við upprunalegu leiðina og lítið eitt strembnari. Fylgir stöllum inn í áberandi stromp og þaðan upp á góða syllu. Síðan er farið upp víða sprungu og upp í klaufina austan megin við toppinn. Efsti hluti leiðarinnar er sameiginlegur upprunalegu leiðinni.

Gráða: 5.6

Fyrst farin: Sumarið 1989.

Stefán Smárason og Leifur Örn Svavarsson.


### S fyrir Stratos

Vestasta leiðin á Ingimund. Nokkuð augljós S-laga sprunga, ca. í miðjum Ingimundi vestanverðum, er klifruð. Síðan er farið upp sprungu sem liggur upp á toppinn vestan megin við hærri tindinn. Leiðin dregur nafn sitt af S-laga sprungunni.

Gráða: 5.8

Fyrst farin: Sumarið 1991.

Björn Baldursson og Stefán Smárason.





## Stigaklifur!

eftir Guðmundur Tómasson

Mynd til vinstri:

**Stýrmi og vinir hans.**

Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

Mynd til hægri:

**Stýrmi píssar í krukkuna í eins fets hæð. Portaledge wannabe!**

Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

Allt frá því að menn fóru að stunda stigaklifur hefur stigaklifurgráðan sífellt verið að taka á sig erfiðari og hættulegri mynd. Gráðan er uppbyggð á þann veg að hún flokkast í fimm stig, A1-A5. Ólíkt fríklifurgráðunni, sem hefur óendalegt erfiðleikastig, hefur stigaklifurgráðan aðeins þessi fimm stig. A1 er auðvelt stigaklifur og A5 erfitt. Pégar menn fóru að gráða fyrstu leiðirnar byggðist gráðan nánast eingöngu á því hversu tær hver einstök trygging var. Svo breyttist hún í fjölda tæpra trygginga í röð, sem að menn fóru eftir allt til ársins '87, en eftir þann tíma er almennt talið að „new wave“ gráðan hafi tekið við af „old school“ gráðunni, sem er lýst í stórum dráttum hér að ofan. Sú gráða sem í dag flokkast undir „new wave“ er að mörgu leyti ill-skiljanleg fyrir byrjandann, og jafnvel alla aðra en þá sem að gráða leiðina. A1 getur verið allt uppí þrjárfjórar tærar tryggingar í röð og A5 heil 60 m spönn bara á tæpum tryggingum. Jafnvel gráða menn A5 spönn niður í A4 bara út af því að það var einn skitinn rivet ofarlega í spönninni, (rivet er 8\*20 mm maskínubolti). Til að bæta ástandið enn frekar er hægt að sjá spannir gráðaðar „NTB“ (not that bad) eða „PDH“ (pretty damn hard), og guð einn má vita hvað það þýðir. Niðurgráðun spanna er mjög

algengt fyrirbæri og sem dæmi var leiðin Shortest Straw á El Capitan gráðuð eftir fyrstu uppferð A1+. Skýring Rick Lovelace, þess sem að fór hana fyrstur var eftirfarandi: „It's all A1 until you fall!“. Í þeiri spönn sem hann gráðaði A1+ voru þrjátíu krókahreyfingar inn á milli fárra vafasamra fleyga. Í dag flokkast Shortest straw undir þá skilgreiningu að vera á meðal erfiðari leiða á El Cap, með „new wave“ gráðuna A3+ - A4.

Hérna heima hefur stigaklifur lítið eða ekkert verið stundað í gegnum tíðina. Það er ekki fyrr en á síðustu misserum sem að áhuginn hefur aukist. Þar sem ekki er að finna gráðukerfi fyrir stigaklifur hér á landi er kominn tími til að koma með eitthvað form sem menn geta farið eftir. Vandamálið er hinsvegar að finna kerfi sem að reynist fullnægjandi og er hægt að fara eftir þannig að enginn misskilingur leynist við gráðanir. Við Guðmundur Helgi ræddum um þessa hluti og komumst að því að það kerfi sem að Supertopo, leiðavísibók um Yosemite dalinn í Kaliforníu, fer eftir myndi henta vel.

### Supertopo Gráðan:

A0: Togað í tryggingar til að flýta fyrir í klettalifri. Stigar ekki nauðsynlegir.

A1-C1: Auðvelt stigaklifur, allar tryggingar



góðar. Lítil fallhætta nema fyrir mistök klifrara. Flestar A1. spannir taka einn til two tíma í klifri.

A2-C2: Miðlungs erfitt stigaklifur. Ein til tvær tæpar tryggingar fyrir ofan örugga tryggingu. 2-10m fallhætta. Spannir taka einn til þrjá tíma í klifri.

A3-C3: Erfitt stigaklifur. Þrjár til fimm tæpar tryggingar í röð. 10-18 m fallhætta. Spannir taka two til þrjá tíma í klifri.

A4-C4: Alvarlegt stigaklifur. Sex til átta tæpar tryggingar í röð. 18-30 m fallhætta. Spannir taka meira en þrjá tíma í klifri.

A5: Hættulegt stigaklifur. Meira en níu tæpar tryggingar í röð. 30 m eða meiri fallhætta. Spannir taka meira en fjóra tíma í klifri.

### Í Supertopo er líka að finna enn frekari skyringar á gráðunum.

„A“: Gráðan gefur til kynna að í viðkomandi spönn þarf hamar til að koma fyrir fleygum og koparhausum.

„C“: (Clean) Gráðan gefur til kynna að viðkomandi spönn klifrast án þess að nota hamar og þurfa að treysta á fixaðar tryggingar.

„F“: Kemur á eftir C gráðunni og gefur til kynna

að til þess að fara spönnina án þess að nota hamar þarf að treysta á fastar tryggingar. P.e.a.s. að fyrir eru fastir fleygar, koparhausar og hnetur. Meirihluti spenna sem eru merktar F klifrast hamarslausar, en þó er rétt að hafa hamar, nokkra fleyga og koparhausa neðarlega í pokanum ef föst trygging gefur sig.

„R“: Gefur til kynna að fall í spönn getur leitt til alvarlegs líkamstjóns, jafnvel dauða. Dæmi um R gráðu: stór sylla fyrir neðan spönn, möguleiki á að sveiflast inn í horn, laust grjót eða þá að línan liggur yfir skarpa brún. „Pancake potencial“.

„+“, „-“: Þýðir að það er sérstaklega erfitt, auðvelt að koma fyrir tryggingum. Dæmi um +: Langar teygjur, djúp horn eða blind ísetningar trygginga út fyrir þök sem reynist svo erfitt að „testa“. „-“ kemur ef t.d. óvenju stutt er á milli trygginga.

Sem dæmi um gráðu á spönn getum við gefið okkur að hún fái gráðuna A3+R. Það þýðir að í spönninni kemur fyrir kafli sem hefur þrjár til fimm tæpar tryggingar í röð, ásamt því að erfitt er að koma fyrir tryggingum og allt þetta fyrir ofan stóra syllu.

Eftir því sem að leiðir eru klifraðar oftar og fleyga förin stækka, hætta menn að nota fleyga og fara að nota í staðinn mikró hnetur og Cam hooks.



Styrmir stigamaður á Tappavöllum.

Ljósm.: Guðmundur Tómasson.

Þetta leiðir til þess að spannir fara að fá C gráðuna. Spannir sem var hægt að negla sig upp með fleygum og voru A1, verða clean og hækkar gráðan þá jafnvel uppi C3 sökum vafasamra trygginga sem hægt er að nota í staðinn. Í dag þykir það ekki góð siðfræði að negla spannir sem hafa C gráðu, ekki nema að menn tylli fleygum í sárin án þess að nota hamar.

Uppbygging þessa kerfis er skýr og leiðir ekki til ruglings, bæði fyrir þann sem að gerir leiðirnar og þá sem vilja koma á eftir. En til að fára erfiðleikastigið aðeins nær því sem er að gerast í heiminum í dag jukum við fjölda tæpra trygginga í hverri gráðu fyrir sig. Það verður vonandi til þess að niðurgráðun spanna verður ekki fyrst um sinn. Við höldum þó skýringunum, því þær gefa nákvæmari upplýsingar um erfiðleikana. Hér er okkar tillaga.

### Íslenska Stigaklifurgráðan.

A0: Togað í tryggingar til að flýta fyrir í klettaklifri. Stigar ekki nauðsynlegir.

A1-C1: Auðvelt stigaklifur, allar tryggingar góðar. Lítill fallhætta nema fyrir mistök klifrara. Flestar A1. spannir taka einn til two tíma í klifri.

A2-C2: Miðlungserfitt stigaklifur. Ein til fjórar tæpar tryggingar fyrir ofan örugga tryggingu. 3-12m fallhætta. Spannir taka einn til þrjá tíma í klifri.

A3-C3: Erfitt stigaklifur. Fimm til níu tæpar tryggingar í röð. 15-30 m fallhætta. Spannir taka two til fjóra tíma í klifri

A4-C4: Alvarlegt stigaklifur. Tíu til fimmtíán tæpar tryggingar í röð. 35 m eða meiri fallhætta. Spannir taka meira en fjóra tíma í klifri.

A5: Hættulegt stigaklifur. Sextán eða fleiri tæpar tryggingar í röð. Fall í A5 spönn verður langt og hættulegt. Spannir geta tekið 6-10 tíma í klifri.

Varast skal að taka lengd falls og tímasetningar spanna, bókstaflega. Þetta er aðeins sett sem viðmið-unarmörk. Eitt sem fólk skal athuga varðandi föll í stigaklifri er að þau eru algerlega óundirbúin, ólíkt föllum í fríklifri þar sem að fólk veit oftast þegar það er að detta, og getur undirbúið sig. Þetta getur leitt til alvarlegri falla, þar sem að maður er, oftar en ekki, í afbrigðilegri stellingu. Rétt er að taka það fram að notkun hjálma er algert skilyrði.

Þegar talað er um tæpa tryggingu er átt við tryggingu sem heldur bara líkamsþyngd. Tyggingar eins og krókar, koparhausar, goggar, rurpar, míkró-hnetur, spennikrókar (cam hooks), bundnir blað-



Einn tveir og og og nú skal það takast... og muna svo að anda rétt. Guðmundur Spánverji skiptir um gir.

Ljós.: Guðmundur Tómasson.

fleygar og rivets eru líkamsþyngdartryggingar. Til að skilja á milli slíkra trygginga og góðrar tryggingar er ágætt að spyrja sjálfan sig að því hvort maður sé tilbúinn að gera stans úr þessari einu tryggingu og taka félagan upp á henni. Ef ekki þá er hún líkamsþungatrygging. Góður koparhaus nr. 5 getur jafnvel haldið falli en maður gerir ekki stans úr honum, og því flokkast hann undir líkamsþungatryggingu. Þó skiptir mestu máli að beita heilbrigðri skynsemi við mat trygginga, og kemur þá reynslan vissulega inn í sem stór þáttur. Til að halda augum og andliti í heilu lagi skal varast að horfa á tryggingarnar þegar verið er að prófa, og líta niður fyrir sig á meðan og jafnvel þangað til komið er upp fyrir tryggingu, því þegar tæpu tryggingarnar halda ekki skjótast þær út með slíkum látum að menn hrósa happi fyrir að hafa hjálminn á réttum stað. Annað sem er mikilvægt þegar verið er að „testa“ er að vera í góðu jafnvægi og fara eins neðarlæga í „daysi chainið“ eins mögulegt er. Grigri er tæki sem á ekki heima í stigaklifri, frekar en öðru klifri þar sem náttúrulegar tryggingar eru notaðar. Nota skal plötu eða túpu, því þau tryggingatól mykja fall klifrara, og minnka álag á tryggingar. Þó er mælt með því að nota eitthvað öryggi með. Notkun „screamer“ minnka enn frekar álag á tryggingar, og


eru til sérstakir aid „screamerar“ sem að springa út við minna tog en venjulegir, (screamerar eru tvistar sem rifna út við ákveidið álag og minnka þannig álagið á trygginguna).

Áður en fólk fer af stað út í stigaklifur skiptir miklu máli að vera kunnugur þeim tryggingatólum og línuvinnu sem til þarf. Flestir, en ekki allir, eru kunnugir vinum og hnetum en öðru máli skiptir um fleyga og króka, svo tekið sé dæmi. Ágætt er að fara í gryfjurnar upp í Öskjuhlíð og prófa sig áfram þangað til reynsla er komin á notkun þessara tækja. Mikilvægt er að velja grjót eða klett þar sem að fyrir eru engar leiðir sem haegt er að skemma eða notkun fleyga er bönnuð, eins og í Stardal. Línuvinnan skiptir gríðarlegu máli. Skipulagning stansa er flókið fyrirbæri því undantekningarálaust eru tvær til þrjár línar í gangi ásamt þeim búnaði sem að til þarf í klifrið sjálf. Gera verður ráð fyrir félaganum, að það sé á hreinu hvar hann klippir sig í þegar hann kemur upp í stansinn, hvernig hann kemst sem auðveldast í rakkinn og að hann komist sem fyrst af stað í næstu spönn. Tíminn sem fer í skipulagninu stansa er oft

versti óvinurinn í þessu sambandi. Gott er að æfa sig í innanhúsklifurveggjunum á höfuðborgarsvæðinu til að fínpússa ferlið.


Leiðin frá vernduðu klifri í boltum, með tíu tvista, á Hnappavöllum og í flókin „Big wall“ leiðangur er löng og það eina sem gildir er að klifra, klifra, klifra, hvort sem er með stiga eða frí, því allt sameinast þetta í eina heild sem skilar árangri. Þetta á reyndar við um alla klifur- og fjallamennsku. Æfingin skapar meistarann.

Það er von míni að við getum haldið þessu gráðu-kerfi næstu árin og fórum ekki ósjálfrátt úti „new wave“ kerfi sem að á sér enga skilgreiningu. Reynslan hefur sýnt að það gerist þegar menn verða reyndari og tæknin fer að þróast. Heldur vill ég stinga upp á því strax, að eftir nokkur ár verði kerfið skoðað og uppfært ef mönnum finnst það orðið of auðvelt þá.



## Sumarsnyðr Eystafjöll 5.9 A2


Juni '01  
Guðm. Helgi  
Guðm. Tómas



Teikningar: Guðmundur Tómasson

# Hraundrangaferð ÍSALP 2001

eftir Sigurbjörn Jón Gunnarsson



Fyrsta fyllerið! Stefán, Helga og Kristín taka þátt í forvarnarstarfi Ísalp á Hraundranga.  
Ljósm.: Sigurbjörn Gunnarsson (Böbbi).

Í anda þaulundirbúinna háfjallaferða skyldi tindurinn sigraður. Undirbúningsferð, fastar línur og allt tilheyrandi! Svo hljómuðu tilskipanir háttsettasta ísalpara landsins. Mannfjöldamet skyldi endurheimt frá Björgunarsveitinni Súlum, en 8 manns sigruðu Drangan 24. apríl árið 2000.

„Hvar eru línumnar?“ Við fjórir, Óli Óla., Bassi, Gulli Búi og ég litum rannsakandi augum yfir skottið. „Á stofuborðinu heima“ heyrdist í Antoni. Varla hefði alpaformaðurinn verið sáttur við þetta því línumnar voru sendar norður í ábyrgðar- og flýtipósti til þess eins að hlíðar Hraundrangans litu út eins og maurahrúga þegar félagar í hinum Íslenska Alpaklúbbi endurheimtu fjöldametið. Anton brunaði því aftur í bæinn og naut aðstoðar frænku sinnar sem kom á móts við hann frá Akureyri. Við hinir komum okkur fyrir í skarðinu norður af Dranganum og nutum veðurblíðunnar. Senn birtist Anton í sjömílnaskónum, með línumnar, svo okkur var ekkert að vanbúnaði.

Ég og Bassi fengum fyrstir að spreyma okkur að erfiðasta hluta klifursins. Líktumst helst lúsiðnum

minnkahundum spólandi í moldinni. Loks náðum við að komast að fyrsta fleygnum, á egginni efst í gilskorningi stúfullum af mold. Par sem ég sýndi bestu aðfarirnar í spólinu voru menn sammála um að ég fengi að leiða fyrstu spönnina. Hér er kannski rétt að minnast á að við vorum þarna, utan Antons, í fyrsta sinn. „Klifrið“ var ekki jafn laust og sögur gáfu til kynna, þar af leiðandi hafði hnúturinn í maganum minnkað verulega. Einstaka fleyg mátti finna auk þess sem ég bætti við einum eða tveimur í fyrstu spönninni. Verði Jökli að góðu! Línan klár og Anton lagður af stað.

„Hvar er línan Anton?“ Hálftíma síðar var seinni línan uppgerð og komin í pokann hjá honum. Líkurnar á að ég næði sólarglætu í þessu klifri fóru að verða að engu. Skemmtileg sprunguhreyfing rétt undir toppinum í geislum kvöldsólarinnar var rúsínan í pylsuendanum. Næsta verk var að finna viskípelann!



Andri hinn brattgengi spólar í drullubrekkunni.  
Ljós.: Sigurbjörn Gunnarsson (Böbbi).



Norðandeildin hugumprúða í fyrstu aðlögunarferð á Hraundranga. Frá vinstrí. Böbbi, Óli Óla, Anton og Bassi.  
Ljós.: Gulli Búi.

Að lokum skiliðu allir sér á toppinn í tíma til að njóta útsýnisins og fylgjast með rökkrinu breiða sér yfir appelsínugular eggjarnar í kringum okkur. Áfylling á pelann fylgdi ekki með línum frá Stefáni formanni svo við treystum á að félagar Íslenska Alpaklúbbsins kæmu færandi hendi næstu helgi. Myrkrið umlukti okkur og eftir tveggja tíma viðdvöl á toppinum var tími til kominn að hundskast heim.

„Hvar er viskíið!“ Hópur vaskra fjallamanna frá Reykjavík, Andri, Stefán, Hálfðán, og Helga, voru heldur ekki með neina ábót meðferðis. Um tíma virtist það ekki koma að sök því það rigndi í bænum


á laugardagsmorgnинum. Fyrst við vorum vöknud fannst okkur þó réttast að fara allavega inn í Hörgárdal til að kenna aðstæður. Þau fengju þá alltjént bíltúr fyrir vikið. Kristín, hans Bassa, vildi ekki sitja heima þar sem hún hafði verið í karlmennskulegum háfjallaæfingabúðum í nágrenni Akureyrar í vikunni og farið yfir helstu undirstöðuatriðin í hættulegu fjallaklifri. Inn í Hörgárdal var allt rakt en það rigndi þó ekki í augnablikinu. Fyrirhyggja formannsins bjargaði þar með túrnum því upp fóru allir. Klifrið var nú ívið erfiðara vegna bleytunnar. Heilu torfurnar ákváðu að betra lífneri mætti finna nokkrum tugum metra neðar. Þegar upp var komið röðuðum við okkur í kringum grjótið á toppinum, afturendarnir ýmist vísandí aftur í Öxna- eða Hörgárdal. Útsýnisins nutum við þangað til hvítt mistrið umkringdi okkur. Í stað myrkursins í undirbúningsferðinni var nú allt orðið hvítt og útsýnið orðið um 10 metrar.

Hálfðán fór fyrstur niður og bjargaði þar með sigtólum og karabínum okkar hinna, því blautar línum voru fullar af sandi og spændu upp álgrejurnar hans. Öll rötuðum við niður og enduðum daginn á hægsteikingu í heitum pottunum í Sundlaug Akureyrar.


Með þessu lauk annarri ferð minni á Hraundrangann. Án allra bæjarstyrkja eða stórra fjárútláta tókst mér fyrstum Ólafsfirðinga að klöngrast þar upp.

# Sveittir klettar í austurlöndum fjær

Stefán Örn Kristjánsson & Haraldur Guðmundsson



Steppó á lendaskýlunni í landi Tarzans (Batu Caves).



Félag verkfræðinna sem lýtur út fyrir að vera verkfræðingur?. Frá vinstri: Brynni, Kevin, Steppó, Siggi og Halli.

Það er gamall og góður siður nema í verkfræði við Háskóla Íslands að fara í námsferð til útlanda eftir að hafa lokið þriðja námsárinu. Þá er reynt að kynnast tæknilegum viðfangsefnum sem er ekki að finna hér á Fróni. Ennfremur er þetta kjörið tækifæri til að kynnast framandi menningu og skoða „óvenjulega“ staði.

Í maí 2001, eftir langa og stranga próftörn, hélt 22 manna hópur til austurlanda fjær. Áfangastaðirnir voru Kuala Lumpur, höfuðborg Malasíu, Singapúr og Bali í Indónesíu. Af þriggja vikna ferð voru tæplega tvær víkur helgaðar námsferð og svo restin í glens og gaman. Ekki er ætlunin að rekja hér allar vísindaferðirnar sem farið var í, heldur að varpa smá ljósí á möguleika til klettaklifurs þar um slóðir.

Fyr um veturninn þegar ljóst var hvert skyldi halddi fóru undirritaðir að velta fyrir sér hvort einhverjar þjóðsögur væru til af klettaklifri á þessum stöðum. Eftir vapp um veraldarvefinn fundust nokkrar heimasiður sem reyndust okkur allhjálplegar. Eins og við áttum von á kom Balí ekki til greina enda eldfjallaeյja af verri sort heldur en ástkæra ylhýra. Singapúr bauð upp á príl í aflögðum grjótnánum sem heillaði okkur lítt. Aftur á móti grófum við upp tvö svæði í kringum Kuala Lumpur sem okkur leist alveg ágætlega á. Var þar um að ræða svæðin Bukit Takun og Batu Caves (Apahellarnir). Það fyrnrefnda er „dótasvæði“ en hið síðarnefnda inniheldur bæði sportleiðir sem og leiðir tryggðar af gamalli hefð. Myndir af svæðunum sýndu að hér var um kalkstein að ræða. Það þótti okkur ekki leiðinlegt þar sem meirihluti okkar hafði aðeins gripið í íslenskt hraun. Við bárum hugmyndina um að taka

nokkra klifurdaga í Asíunni undir bekkjarfélaga okkar Sigurð Skarphéðinsson, þeim sem um er að kenna að við byrjuðum í þessu sporti, og spurðum hvernig honum litist á þetta. Hann stóð ekki á svari eins og von var, fljótur að segja að þetta ætti eftir að verða ansi skrautlegt. „Hiti vel yfir 30°C og 90–95% raki, ekki kjöraðstæður klettaklifrarans!!!“ Honum leist þó ágætlega á þetta og var til í tuskið. Fjórði pilturinn í hópnum var Brynjólfur Stefánsson, fróðastur okkar um þetta menningarsvæði eftir að hafa æft karate í nokkur ár.

Í gegnum þó frómu síðu, *rockclimbing.com*, komumst við í samband við breskan klifrara að nafni Kevin Azar Gregson sem búsettur hefur verið í Kuala Lumpur í nokkur ár. Hann reyndist okkur frábærlega vel og í gegnum tölvupóst gaf hann okkur ómetanlegar upplýsingar um hitt og þetta. Kevin var upp með sér að við skyldum hafa haft samband við hann og sagðist glaður vilja hitta okkur þegar við kæmum til Kuala Lumpur.

Nokkrum mánuðum síðar vorum við staddir í hitanum og rakanum í Kuala Lumpur. Nú skyldi lokins prílað eftir þéttar fyrirtækjaheimsóknir undanfarinna tíu daga. Við hrингdum í Kevin en hann

var mjög upptekinn þegar við komum. Hann sagðist vera að fara í klassískt Malasískt brúðkaup og þau kuvara í þrjá daga!!! Hann sagðist þó ætla að hitta okkur fíórða og síðasta klifurdaginn okkar.

### Klifursvæðin

Batu Caves má skipta niður í nokkur minni svæði. Þau helstu eru Nanyang, Red Rocks, White Wall, Volleyball Court og Cave Rock. Fleiri leiðir og svæði hafa sjálfsagt bæst við síðan við vorum þar enda sportið tiltölulega ungt þar í landi og stöðugt fleiri eru byrjaðir að stunda það.

Kevin hafði mælt með Nanyang við okkur þannig að ákveðið var að líta á það fyrst.

### Nanyang

Eitthvað gekk okkur trauðlega að finna þetta svæði. Við fundum fyrir rest boltaða kletta en hvorki þótti okkur umhverfið rómantískt né huggulegt. Allt morgandi í maurum og sóðaskap. Í hellisskúta einum undir einni leiðinni lá meira að segja flókkuhundatík með nýfædda hvolpa dreifða í kringum sig. Hressandi!

Við höfðum líttin tíma því þeir sem hafa ferðast við miðbaug vita það að myrkið skellur á fyrirvara-laust. Við náðum einni leið og var hún hin þokkalegasta. Ekki vorum við neitt sérstaklega ánægðir með fyrsta daginn og til að toppa það réðst að okkur hópur hunda og vörnuðu okkur leið þar til íbúi á svæðinu sá aumur á okkur og hrakti þá á flóttu. Hvurnig honum tókst að tæla hundana í burtu vitum við eigi.

### White Wall

Eftir hrakningar gerdagsins kom ekki til greina að líta á þetta svæði aftur. Í fórum okkar voru út-prentaðir tópóar af ýmsum svæðum við Batu Caves. Ljósmynd af White Wall gaf til kynna að þar mætti komast í skemmtilegt klifur. Í þetta skipti vorum við fyrir á ferðinni og tókum leigubíl sem leiddi okkur inn í fátæk úthverfi borgarinnar. Við sáum vegginn í öllu sínu veldi og okkur leist mjög vel á. Hins vegar tókst okkur með engu móti að finna leiðina að honum því að á milli okkar og klettsins voru endalaus hreysi, opin ræsi og gríðarlegur fólkssjöldi. Auk þess var greinilegt að ganga þyrfi hluta leiðarinnar í gegnum regnskóg og slíkt þrekvirki leggur maður ekki í nema maður hafi stíg undir fót.

Góðlegur vert í götueldhúsi sínu benti okkur á leiðina og bauð okkur að auki að þiggja hjá sér tesopa. Við lofuðum að það skyldum við gera þegar klifri væri lokið. Leiðin sem vertinn bauð okkur að fara var eins og við áttum von á, í gegnum húsagarð og yfir opin ræsi. Áður en farið var inn í frum-skógin gengum við inn í húisasund þar sem pörupiltar klipptu hvern annan með ansi frum-stæðum skærum. Allir tóku þeir okkur vel og bentu okkur á stíginn. Nokkuð var á brattan að sækja leiðina upp að sjálfum veggnum og ekki urðum við fyrir vonbrigðum er komið var undir hann.

Af mörgu var að taka, allt frá þægilegum 5. gráðu leiðum upp í 7a+. Sjálfur veggurinn var lóðréttur en á stöku stað mátti finna slabb sem og yfirhangandi kafla. Leiðirnar sem við klifruðum voru fullir 30 metrar og mátti á tæpu standa þegar sigið var niður. Svæðið býður upp á fjöлspanna leiðir þó við reyndum okkur ekki við þær enda tíminn knappur og velja þurfti viðfangsefnin af kostgæfni til að fá sem mest út úr ferðinni. Veggurinn er hæstur 90 metrar og möguleikarnir eru gríðarmiklir hvað varðar leiðir í sportklifri sem og náttúrulegu.

Á leiðinni til baka römbuðum við fram á vertinn góða þar sem hann var á „útkikki“ eftir okkur. Bauð hann föruneytinu að láta fara vel um sig á lúnum stólum við uppdekkad borð og spurði hvað mætti bjóða þreyttum og þyrstum ferðalöngum. Fátt varð um svör hjá okkur og vildum við helst koma okkur í burt hið fyrsta enda þínu stressaðir yfir hreinlætinu. Við höfðum lofað honum að þiggja veitingar eftir klifur og kunnum við ekki við annað en að versla eitthvað hjá honum. Hann bauð okkur upp á drykk hússins, ferskt íste. Ákváðum við að þiggja það og sjá hvað sæti. Ekki leist okkur á blikuna er vertinn tók við að massa sítrónur, lime og tilheyrandi og sjóða vatn í risapotti. Reiddi hann fram gríðarlega hressilegan drykk sem þambaður var. Svo tóku við spennandi klukkustundir. Skildum við fá matar-eitrun? Sem betur fer ekki.

Daginn eftir ákváðum við að nýta til hins ýtrasta og halda aftur í White wall. Fyrnrefndur vert vildi fá okkur í tesopa en í þetta skipti afþökkuðum við pent. Klifrið var hið ágætasta og trumbutaktur frá nálægri brúðkaupsveislu tryggði klifurryþmann. Stutt hakkí-sakk við hverfisstrákana endaði svo ágætan dag.

## **Revenge of Nanyang**

Par kom að því að við hittum félaga okkar hann Kevin Gregson. Ákveðið var að hittast á svæði sem ber nafnið Red Rocks. Við rákumst á Kevin á leið okkar að svæðinu. Hin skjannahvíti húðlitur okkar virkaði sem ljóskastari innan um hafsjó innfæddra og því erfitt að fara á mis. Red Rocks svæðið leit áhugavert út. Yfirhangandi leiðir í flottum og formmiklum kletti. Við hættum hins vegar við að príla þarna. Boltarnir voru orðnir svartir og varasamir auk þess sem allt var morandi af maurum fyrir neðan leiðinar. Kevin stakk upp á því að hann myndi sýna okkur einhver svæði sem við höfðum ekki séð og var það samþykkt.

Fyrst var ekið að Volleyball Court. Engan sáum við blakvöllinn en hins vegar nóg af rusli. Kevin tjáði okkur að einu sinni hefðu verið hellar undir leiðunum sem hægt hefði verið að byrja klifið í, þ.e.a.s. smokra sig inn í hellana og búldera út úr þeim og inn á sjálfar leiðinar. Nú hafði einhver stórtækur náunginn tekið upp á því að ryðja drasli inn í þá með Caterpillarnum sínum og fyllt þá. Synd og svei.

Kevin var ákveðin í að sýna okkur eitthvað gott og stakk upp á Nanyang. Féll sú uppástunga í fremur grýttan jarðveg eftir ævintýrið nokkrum dögum áður. Við ákváðum þó að skella okkur. Loksins dutt-

um við í lukkupottinn. Ekki var þetta sama draslið og við höfðum fyrst farið á heldur alveg nýtt svæði (þó ekki langt frá draslinu). Yfirhangandi leiðir á góðum gripum ásamt léttari upphitunarleiðum, 5c-7a. Akkúrat eins og Siggi vill hafa það! Fyrir ofan leiðirnar slútti svo regnskógrunn sem myndaði finstu regnhlíf yfir veggnum. Kevin tjáði okkur að þarna væri hægt að klifra jafnvæl í verstu dembunum.

Eftir gott klifur og að hafa horft á apana hoppa og skoppa í kringum okkur í misbláum tilgangi lauk prílinu okkar í Malasíu.

## **Að lokum**

Ekki munum við mæla með að fólk haldi gagngert til Batu Caves vilji það komast í gott sportklifur á þessum slóðum heldur mælum við frekar með Tælandinu. Ætli menn hins vegar til Ástralíu í sömu erindagjörðir er tilvalið að millilenda í Kuala Lumpur og eyða þarna nokkrum dögum til að ná úr sér flugþreytunni, snúa við sólarhringnum og prófa Apahellana. Best er að vera á ferðinni yfir háveturinn.

Petta var þrælskemmtilegur tími sem enginn okkar sér eftir. Hart klifur var það kannski ekki en það er alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt, spennandi og framandi.

## **ICELAND & GREENLAND**

**SEA KAYAK & TREKKING EXPEDITIONS  
OUTFITTING, RENTAL OR A PINT OF BEER!**

*...since 1993*

## **ULTIMA THULE EXPEDITIONS**

P.O.BOX 5153, 125 REYKJAVIK, ICELAND

Phone: +354 562 3200 Fax: +354 872 1920 email: ute@islandia.is  
www.islandia.is/ute

# Ársskýrsla ÍSALP 2001-2002

## 1. Stjórn

Stjórn ÍSALP 2001-2002 skipuðu eftirfarandi: Stefnán Páll Magnússon, formaður, Jórunn Harðardóttir, ritari, Jón Gunnar Þorsteinsson, gjaldkeri, Halldór Kvaran, Haraldur Örn Ólafsson, Helgi Borg Jóhannesson og Karl Ingólfsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt um 10 fundi en þar af voru nokkrir fundir haldnir til uppsetningar á fréttablaði.

## 2. Skálar

Engin opinber vinnuferð var farin í skálana, en þó var skipt um gaskút í Tindfjöllum. Samkvæmt tekjum virðist aðsókn í skálana sifellt vera að aukast en heimtur mættu samt vera betri á skálagjöldum og eru fyrirhugaðar umfangsmiklar aðgerðir í þeim efnunum með ströngum viðurlögum. Tekjur koma helst frá skála ÍSALP í Tindfjöllum. Ljóst er samkvæmt umfjöllun á heimasiðunni að ráðast verður í endurbætur á Bratta áður en hann verður veðri og vindum að bráð.

## 3. Ferðir og námskeið

Pátttaka var ágæt á klettaklifurnámskeiði sem var haldið, en umsjón þess var í höndum Stefáns Smára og Árna Gunnars. Boðið var uppá tilsgagn í stigaklifri undir umsjón Guðmundar Tómassonar og var það vel heppnaður viðburður. Ísklifurnámskeið fíll niður sökum lélegrar þátttöku en í staðinn var farið með nokkra byrjendur og þeim veitt tilsgagn í ísklifri.

Margar velheppnaðar ferðir voru farnar á árinu og eru þær eftirfarandi:

Skíðaferðir: Um þáskar var haldið inn Uppsaladali í átt að Hólshyrnu við Dalvík, og þá var einnig gengið á Súlur í Eyjafirði. Í mars fóru 13 manns á Snaefellsjökul í blíðskaparveðri og 3 á Eyjafallajökul í ekki slakara veðri. Klifurferðir: Í júlí klifruðu 9 manns Þumal í Öræfum, og um mánuði seinna fóru 6 félagar á Hraundrangar í Öxnadal eftir að settar höfðu verið upp línum upp á topp í vikunni áður (sjá nánar í grein um klifrið í þessu blaði).

Um Hvítasunnuhelgina hélt 10 manna hópur á Þverártindsegg úr Kálfafellsdal en sú ferð var farin á öðrum degi sumargleðihátiðar sem haldin var á Hnappavöllum. Veðrið læk við þátttakendur eins og í flestum öðrum viðburðum ÍSALP þetta árið og var almennt talið að ferðin hafi heppnast sérstaklega vel.

## 4. Myndasýningar

Porvaldur Gröndal og félagar héldu myndasýningu um Nepalferð sína, Guðmundur Tómasson sýndi Big Wall myndir og Guðmundur Helgi kom með vænan bunka af ísklifurmyndum. Karl Ingólfsson mætti með skíðamýndir af Heklu og Valgeir Ægir Ingólfsson kom með bráðskemmtilegar myndir af telemark o.fl. Að lokum má ekki gleyma Banff-festivali sem var í boði Nanoq. Mæting á myndakvöld var misjöfn eða allt frá 10-35 manns.

## 5. Félagsheimilið

Opið hús var flest miðvikudagskvöld og verður að viðurkennast að mæting var afar dræm. Það verður því verkefni næstu stjórnar að íhuga hvort einhverra breytinga sé þörf á opnu kvöldi. Þetta mun þó sjálfsgagt breyst eitthvað með flutningi í Klifurhúsið.

## 6. Útgáfan

Ársrit ÍSALP 1999 (2000) kom út í maí. Ritstjóri (ábyrgðarmaður) ársritsins er Tómas Grönvaldt. Það verður að segjast eins og er að nefndarmenn eru orðnir langþreyttir á því að ganga á eftir félögum með grasið í skónum til að vindu úr þeim greinar í blaðið. Mikilvægt er að áhugasamir gefi sig fram við ritnefnd til að hjálpa þeim við útgáfuna blaðsins. Þrijú fréttabréf voru gefin út árinu og það fjórða leit dagsins ljós til að boða aðalfundinn. Umsjónarmaður fréttabréfsins var Jórunn Harðardóttir.

## 7. Félagatal

Skráðir félagar voru síðustu áramót 278 en engar útstrikanir vegna vanskila voru gerðar á síðasta ári en þær verða væntanlega gerðar fljóttlega. Helgi Borg og Jón Gunnar sáu um félagatalið.

## 8. Kynningar

Það verður að viðurkennast að klúbburinn á eftir að koma út í skápnunum hvað opinbera kynningu varðar og hann hefur ekki unnið nægilega markvisst að því að kynna uppákomur klúbbssins út á við. Þó er gaman að sjá hversu mikil virkni er á umræðusíðu ÍSALP og má rekja það til aukinnar vinna sem lögð hefur verið í heimasiðuna. Sú vinna hefur alfarið verið í höndum Helga Borg og á hann bakkir skilið fyrir sitt framlag.

## 9. Önnur mál

Tveir nýir liðir voru á árinu og má telja víst að þeir verða endurteknir. Þeir voru hnnullungaklifur í Jósepsdal í umsjón Helga Borg og ísklifurkeppni í umsjón Jórunnar Harðardóttir í klifurturnum við Gufunesbæ. Er líða tólk á haust fóru af stað raddir um að finna þyrfti stað fyrir innanhúsklifur og er sú vinna nú langt á veg komin með uppbyggingu klifuraðstöðu í Skútuvgi 1D. Halldór Kvaran hefur verið í fararbroddi með að finna húsnæðið og einnig staðið í leit að fjármagni hjá Ríki, Reykjavíkurborg og einkafyrirtækjum til að daemið megi ganga upp. Í uppbyggingu klifuraðstöðunnar sjálfrar hafa margir lagt hönd á plóginum undir dyggri stjórn Sigurðar Skarphéðinssonar Björns Baldurssonar, Þórarins Pálssonar og fleiri.

Haraldur Örn hefur hafið atlögu við hæstu tinda hverrar heimsálfu og lokið 6 þeirra þegar þetta er skrifð. Óskum við honum til hamingju með þann árangur.

Hætt var að greiða UIAA gjöld á árinu.

## Ársreikningur ÍSALP 2000

### Rekstrareikningur

#### Gjöld

	<b>Tekjur</b>
Tryggingar vegna Mörkin 6	2.667
Sími	17.573
Húsaleiga 1999	30.000
Húsaleiga 2000	137.956
Áskrift tímarita	21.937
Fréttabréf 2000	29.200
Póstburðargjöld	17.376
Heimasiða	7.918
Bankakostnaður	53.934
Tindfjöll	5.627
Rittföng og fleira	5.054
Aöldargjöld UIAA	49.968
Námskeið '99	121.200
Skemmtanir	81.160
Annað	7.829
Fjármagnstekjuskattur	3.068
<b>Gjöld samtals</b>	<b>592.467</b>
Tekjur umfram gjöld	207.697
<b>Samtals</b>	<b>800.164</b>

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

	<b>Skuldir</b>
Ávisanareikningur	303.545
Gírareikningur	25.433
Einingabréf 7, pen. mark.	322.222
Bratti	1.266.000
Kamar á Hnappavöllum	45.053
Litskyggnumvél	17.576
Bókasafn	188.086
Útvarpstæki	8.600
<b>Samtals</b>	<b>2.174.795</b>
Raftæki voru afskrifuð um 20% til að fára þau nær raunvirði.	

Ársreikning þennan fyrir Íslenska Alpaklúbbin hef yfirfarið. Ég álit að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu klúbbsins árinu 2001 í samræmi við lög klúbbsins og góða reikningsskilavenju. Legg ég til að hann verði samþykktur

Guttormur Björn Pórarinsson  
Reykjavík, 10 febrúar 2001

## Ársreikningur ÍSALP 2001

### Rekstrareikningur

#### Gjöld

	<b>Tekjur</b>
Tryggingar	24.859
Sími	21.492
Húsaleiga 2001	137.956
Ársrit 2001	466.845
Áskrift tímarita	5.864
Fréttabréf 2001	24.527
Póstburðargjöld	62.274
Heimasiða	23.836
Þjónustugjöld banka	70.273
Rittföng	4.548
Námskeið 2001	50.000
Skemmtanir	22.885
Tindfjallaskálli	7.560
Aöldargjöld	10.000
Auglysingar, bæklingur	10.000
Annað	20.159
Fjármagnstekjuskattur	199
<b>Gjöld samtals</b>	<b>963.277</b>
Tekjur umfram gjöld	211.897
<b>Samtals</b>	<b>1.175.174</b>

### Efnahagsreikningur

#### Eignir

	<b>Skuldir</b>
Ávisanareikningur	359.258
Höfuðstóll	2.174.795
Pjónustureikningur	3.400
Gírareikningur	25.656
Einingabréf 7, pen. mark.	322.222
Útvarp	5.504
Bratti	1.453.000
Kamar á Hnappavöllum	45.053
Litskyggnumvél	14.061
Bókasafn	188.086
Óinnheimtar tekjur (augl.)	187.500
<b>Samtals</b>	<b>2.603.740</b>
Raftæki voru afskrifuð um 20% til að fára þau nær raunvirði.	

Ársreikning þennan fyrir Íslenska Alpaklúbbin hef yfirfarið. Ég álit að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu klúbbsins árinu 2001 í samræmi við lög klúbbsins og góða reikningsskilavenju. Legg ég til að hann verði samþykktur

Guttormur Björn Pórarinsson  
Reykjavík, febrúar 2002



KIPPUM PESSU Í LAG...  
HÖLDUM LANDINU KREINU  
HIRDUM ALLAR DÓSIR

VÍNBUÐ  
[www.vinbud.is](http://www.vinbud.is)



Þreytir en ánaegðir  
fjölskyldufeður biða  
heimferðar í fjörunni.  
Ljósm.: Rúnar Óli Karlsson.

## Hrafnarfjörður, júlí 2001

eftr Rúnar Óla Karlsson

„Legðu bara bílnum þarna“ sagði ég við Stefán þegar við mættum niður á bryggju. Nú átti að taka á því og halda í Hrafnarfjörð og klára leiðirnar sem við byrjuðum á um verslunarmannahelgina 1999. Við fangsefnið var Gýgjarsporshamar í botni fjarðarins sem er 214 metra hárr og býður upp á rúmlega 100 metra klifur í glerhörðu granófýri. Siglingin í Hrafnarfjörð tók um 70 mínútur. Spegilslétt Djúpið og Jökulfirðir skörtuðu sínu fegursta og ekki laust við að mann væri farið að klæja í fingurna.

Eftir að hafa tekið land og tjaldað var hafist handa við að ferja draslið upp á hamarinn. Paðan sigum við niður og boltuðum, pússuðum tök, hreinsuðum lausa steina og prófuðum að klifra í ofanvað. Fátt markvert gerðist þessa þrjá daga, enda var þetta bara ekta vinnuferð sem vonandi einhverjar klettarrottur eiga eftir að njóta í framtíðinni. Veðrið lék við okkur, sólin skein en samt töluberður vindur sem við fundum þó ekki fyrir í veggnum. Þar var bara sólbókuð alpastemning alla daga. Einn daginn birtist flugvél sem flaug ansi hægt og full nálægt að mati Stefáns. Glugginn farþegameginn opnaðist og út gægðist hausinn á Arnari. „Halló“ gargaði hann meðan pabbi hans stýrði flygildinu. Stefáni var ekki skemmt við þessa vinalegu heimsókn. „Eru þeir snarklikkaðir maður! Er ekki allt í lagi!“ sagði hann með hneykslunartón og fyrirlitningarsvip. Purfti ég

að minna hann á að hann væri núna staddur á hjara Íslands langt frá mannabyggðum, hangandi í örþunnum nælonspotta í hundrað metra klettavegg. „Já, en samt!“ Hann ætlaði greinilega ekki að gefa sig.

Nema hvað, leiðirnar voru kláraðar og klifraðar og hlutu skírn að hætti einmanna þurfandi fjölskyldufeðra. Önnur hlaut nafnið Píkutorfan og gráðast 5.10d en hin heitir Fjölskyldumannaleiðin og gráðast 5.10b. Báðar eru um 100 m langar og klifrast í fjórum spönnum. Nokkrar spannir hlutu skemmtileg nöfn sem léttu okkur stundir í kvenmannsleysinu. Má þar nefna Úranium gand og Skoruna. Við þurftum að hafa okkur alla við til að klára leiðirnar og klifra þær því von var á bátnum fyrir hádegi á fjórða degi. Pað náðist á endanum og við vorum tilbúnir í fjörunni um ellefu leytid eins og til stóð. Samkvæmt ísfirsku túmaskyni kom báturninn stundvislega um átta leytid um kvöldið og því er greinilegt að það er eins gott að taka með sér nóg nesti ef þeir skyldu gleyma manni alveg. Þá loks héldum heim á leið sólbrenndir og sáttir eftir góða ferð.

Leiðirnar voru unnar af Rúnari Óla Karlssyni, Stefáni S Smárasyni og fleirum 1999–2001.

Lýsing: Stefán S. Smárason.



### Píkutorfan:

Lengd leiðar: 100 m

4 spannir, 5.9 – 5.10b

1. spönn: 30 m, 5.8. Slabb mjög laust.

2. spönn: Úraníumgandur. Lengd 25 m, 5.10d. Slöbb fyrstu metrana er síðan létt yfirhangandi, endar á þunnu slabbi.

3. spönn: Skoran. Lengd 23 m, 5.9. Lóðrétt, erfið-leikar samfelldir, yfirhangandi stans í lok spannar.

4. spönn: 23 m. Erfið í byrjun en léttist ofar.

### Fjölskyldumannafélagsleiðin.

Lengd leiðar: 100 m

4 spannir, 5.9 – 5.10b

1. spönn: 30 m, 5.9. Mjög laust klifur.

2. spönn: 10 m, 5.10b. Stutt spönn með tæknilegum hreyfingum.

3. spönn: 30 m, 5.10a. Spönnin er laus í byrjun fer síðan yfir á fast slabb.

4. spönn: 30 m, 5.10a. Bratt slabb sem endar á smá þaki.

Fréttapistillinn tekur við þar sem sá síðasti skildi þráðinn eftir haustið 1999 og gildir fram að haustinu 2002. Íslenskir fjallamenn sátu ekki með hendir í skauti á þessu tímabili. Haraldur Örn Ólafsson varð fyrsti Íslendingurinn til að klífa 7 hæstu tinda allra heimsálfanna auk þess að ganga á báða pólana. Vellukkuð strandhögg voru framkvæmd í Yosemite og Perú auk þess sem gamalgrón svæði eins og Alpamir og Alaska voru sótt heim. Einnig létu íslenskir fjallamenn að sér kveða í Nepal, á Grænlandi og Indlandi. Heima á Fróni stendur ísklifró i miklum blóma. Ísfestivalið er orðið fastur punktur í tilverunni hjá ísklifrurum sem hafa á undanförnum árum fært út kvíarnar. Fjölmargar nýjar ísleiðir hafa litið dagsins ljós í flestum landshornum og standardinn hækkað. Glæsileg ný leið var einnig farin upp suðurhlíð Hrútsfjalls eystra. Stigaklifrarar á Íslandi hafa komið útúr skápnunum og nýjar leiðir verið klifraðar m.a. í Fallastakkanöf og á nýju svæði að Núpi. Prátt fyrir að fjöldi klettaklifrara hafi aukist hefur tiltölulega lítið verið farið af nýjum klettaleiðum miðað við oft áður. Grjótgíma (bouldering) er hinsvegar móðins líkt og í útlandinu og klettaklifrarar hafa haldið uppteknum hætti með árlegum „vetrarferðum“ til Spánar og S-Evrópu.

## Útlönd

### Alaska

Vorið 2000 héldu fjórir félagar úr FBSR á þekktar slóðir Kópvíkinga í Alaska. Þar voru á ferð Ásmundur Ívarsson, Bjarni Garðar Nicolaison, Friðjón

Porleifsson og Magnús Aðalmundsson, ásamt Hauki Parelius sem ættir að rekja til Garðabæjar. Þeir fóru hefð-bunda leið upp í Læknabúðir í 4200 m hæð. Þaðan fóru þrír yfir á West Rib hrygginn og náðu upp á brún eftir þeirri leið meðan hinir tveir toppuðu eftir West Buttress. Premenningarnir snéru þá við og fóru leiðina Orient Express niður í Læknabúðir á ný. Eftir að hafa slappað af þar, skelltu þeir sér af stað aftur og kláruðu á toppinn eftir hinni hefðbundnu West Buttress leið.

### Yosemite - Zion

Guðmundur Tómasson, Styrmir Steinþímsson, Jökull Bergmann, Atli Pór Porseirsson og Hörður Sigurðsson voru á þvælingi í Ameríkunni stóru fögru í október 2000. Alls voru þeir sjö vikur í ferðinni en hún hófst í Colorado þar sem háfjallaveiki sló niður í hópinn á fyrsta degi, enda ekki hægt að ætlast til þess að mörlandin sé öllu jöfnu að klípa í sportklifur í rúmlega 3.000 m hæð. Þaðan var haldið til Kaliforníu í Yosemite dal sem var aðalmarkmið ferðarinnar. Klifrið gekk ekki alveg áfallalaust í byrjun. Gummi og Atli

þyruðu á að reyna við North American Wall en hættu eftir 2-3 spannir. Sama var með Styrmi og Hörð, þeir fóru 4-5 spannir upp í Lurking Fear áður en þeir snéru við. Eftir þetta spark í punginn og reynslunni ríkari um pökkun og hífingar á sekkjum, vatni og öðrum nauðsynjum, sem þarf mikil af í stórveggjakiðri héldu þeir bankinu áfram. Gummi og Jökull klifruðu the Prow á

Washington Column. Siðar klifruðu þeir El Capitan sem er einn þekktasti og glæsilegasti stórveggur í heiminum. Leiðin sem þeir fóru var Zodiac. Atli og

Hörður klifruðu Lost Arrow Spire og að lokum klifruðu Gummi og Jökull ásamt Styrmi Middle Cathedral. Auk þessa klifruðu þeir góðan slatta af sport- og fríklifurleiðum í dalnum. Eftir um mánaðardvöld í mekka ameríkskra klifrara fluttu þeir sig til Utah og voru þar í um tvær vikur. Þar klifruðu Gummi og Jökull leiðina Moonlight Buttress sem er 11 spannir á rúmlega 9 tímum sem þykir góður árangur. Styrmir og Hörður fullnægdu stigaklifri ferðarinnar í Orgasm sem er 5 spannir. Einnig klifruðu þeir í American Fork á milli stigaferða. Jökull létt þetta ekki nægja heldur var hann áfram í Utah og skíðaði þar í 1 mánuð til viðbótar. Joe Weinberger orrustubotuflugmaður sem gerði garðinn frægan með Jökli, Stebba og Dúllaranum klifraði með Jökli um skeið í ferðinni. Meðal annars þjárár leiðir á Devils Tower í Wyoming sem engin Íslendingur hefur kíkt á hingað til sökum 30 tíma aksturs frá næsta klifur-svæði. Einnig skakklöppuðust þeir upp 11 spannir á sjálfu Nose-inu á El Cap en urðu frá að hverfa sökum hita og almenns aumingjaskaps.

### Grænland

Leifur Örn Svavarsson og Guðjón Marteinsson gengu á Mt. Forel eftir frækna hundasleða- og gönguskiðaför um Austur-Grænland. Nánar verður sagt frá þessari ferð í næsta blaði.

### Nepal

Í september 2000 voru nokkrir ungir drengir á ferð í Nepal. Það voru Reykjavíkurskáttin Porvaldur Gröndal, Hjörtur Jónsson, Gunnar Agnar Vilhjálmsson og Helgi Magnússon frá Akranesi ásamt Ragnari Karlí

Gústafssyni frá Hveragerði og Frey Inga Björnssyni og Guðjóni Haukssyni sem kenndir eru við Trukkfélagið Ársæl. Þeir gengu á Mera Peak og Island Peak, eitthvað var þó háfjallaveiki að plaga þá í þessari ferð.

### **Alpar**

Jökull Bergmann hefur á bakinu all-nokkrar langdvalir í Chamonix og hefur verið iðinn í skíðmennsku þar um slóðir eftir að hafa uppgötvað skíðin og lagt snjóþotunni. Í maí 2001 brá hann sér á Mont Blanc í fóruneyti Jóns Þorgríms-sonar. Það er svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir það að kallinn gerði loksins það sem allir skynsamir menn á fjöllum vilja gera þegar upp er komið. Jökull skíðaði af toppnum og niður norðurhlíðina niður í bæ. Leiðin, sem liggur að hluta á milli falljökla, er nokkuð brött, viða um 40° en allra brattasti hlutinn er 45°.

Nokkrir Hafnfirðingar voru í Chamonix veturnn 2002. Samkvæmt uppskriftinni deildu um 15 manns með sér 20 m<sup>2</sup> og einum svölum. Lítið var um stórafrek í klifru enda er það venju samkvæmt að skíðabrekktum og barimir heilli mörlannan meira á þessum árstíma en þrilið.

Sumarið 2000 klifruðu Örvar Atlí Porseirsson, Símon Halldórsson, Eiríkur Yngvason, Sigurður Guðjónsson og Haukur Jóhannesson Y-couloir á Aig. du Argentiere (500 m, AD-). Örvar og Símon gerðu einnig tilraun við Piller Sud á Aig du Roc (500 m, TD) en urðu að snúa við eftir að hafa tapað miklum tíma í að finna réttu leiðina. Haukur, Eiríkur og Sigurður klifruðu Mt. Blanc eftir „traversunni“ ásamt Hörfu Kolbeinsdóttur, Ásdísí Ómarsdóttur og Bergi Einarsyni. Eiríkur Stefánsson og Markús Elvar Pétursson klifruðu Frontiere Ridge á Mount Maudit.

Annars var þetta eitt mestu rigningarsumar í manna minnum og afrekin eftir því eins og greinilegt var í 2ja vikna sportklifurferð Guðmundar Helga Christensen og Jórunnar Harðardóttur um S-Frakland. Þau gátu aðeins klifrað í 2 daga af þeim 14 sem þau voru þar syðra að dreypa á misgóðu rauðvíná á misgóðum tjaldstæðum.

Fjórmennningar úr Fjallavinafélaginu Kára röltu á Blancinn í júní 2000 og Kilimanjaro 2001. Hægt er að kíkja á myndir frá ýmsum ferðum á vef Fjallavinafélagsins – [www.mountainfriends.com](http://www.mountainfriends.com).

Nokkur vösk ungmanni úr HSSR héldu til móðurfaðoms alpinísmans, Chamonix, í byrjun sumars 2002. Það voru þau Andri Bjarnason, Guðmundur Logi Norðahl, Haraldur Guðmundsson og frændsystkinin Stefán Örn Kristjánsson og Unnur Bryndís Guðmundsdóttir.

Válynd veður og fáðæma snjóþyngsli gerðu mönnum erfitt fyrir en nokkrir úr hópnum fóru á Mont Blanc du Tacul auk þess sem klifur á lægri grundu var stundað grimmt.

### **Perú**

Sumarið 2000 fóru Ólafur Ragnar Helgason, Sigurður Skarphéðinsson, Ívar Freyr Finnborgason og Rúnar Óli Karlsson ferðamálafrömuður í 6 vikna ferð til Perú. Þeir klifruðu fjöll á milli 5400 – 6800 m, þar á meðal Urus, Huascarán, Artesonraju og langleiðina á Tocllaraju. Ívar klifraði svo fjallíð Churup í félagi við bandarískan klifrara og Óli og Rúnar klifruðu Pucaraju með sama Bandaríkjjamanni. Sjá nánar í grein Óla Ragga í blaðinu.

### **Indland**

Haukur Parelius skrapp til Indlands þar sem hann hafði komið sér í kynni við

Indverskan fjallklúbb í Kolkata (áður Kalkutta). Hann fór einn sín liðs út til að reyna með þeim við tvo óklifna nafnlausa tinda í Sikkim heraði. Héraðinu var hins vegar lokað þegar hann mætti á svæðið ásamt ferðafélögum sínum. Þá reyndu þeir að fara norður fyrir Nanda Devi og klífa þar óklifinn tind nálægt kínversku landamærunum. Þegar þangað var komið voru þeir stoppaðir af her og embættismönnum, líklega vegna spennu út af Kasmír deilunni sem þá var mjög heit. Loks fóru þeir bara þangað sem enginn stoppaði þá og fundu sér óklifinn „hól“, sem ku vera nóg af, Parvatí 6275 m. Þá Haukur með niðurgang í viku, reyndi svo tvisvar við tindinn en þurfti frá að hverfa í bæði skiptin. Haukur var ánægður með ferðina þrátt fyrir allt baslið. Indversku félagarnir voru fínir, en ekki miklir fjallamenn.

### **Afrika**

Töluverður fjöldi Íslendinga hefur gengið á Kilimanjaro síðustu misseri. Er fjöldinn orðinn slíkur að fréttapilstsstjórar með sín stóru eyru og langa nef hafa ekki náð að halda utan um hverjir hafa verið þar á ferð, þannig að hér verður ekki gert upp á milli manna hvað það varðar.

### **Haraldur Örn og fjöllin sjö.**

Eitthvað eirðarleysi greip um sig hjá Haraldi Erni Ólafssyni lögfræðingi og pólfara með meiru eftir að hafa þrammað á báða pólana sem mundi nú nægja flestu venjulegra fólk. Hin hefðbundu skrifstofustörf og innheimtaðgerðir munu víst ekki hafa heillað drenginn sérstaklega og tók hann sér þá það verkefni fyrir hendur að ganga á hæstu fjöll allra heimsálfu. Haraldur byrjaði í júní 2001 á Denali í Alaska og lauk verkinu réttu ári síðar á Everest sem verður að teljast gríðarlega góður



**Biðröð við Hillary Prepp.**  
Ljósm.: Haraldur Örn Ólafsson.

árangur. Haraldur náði reyndar ekki að ganga á Carstenz Pyramid á Nýju Gineu en fór þess í stað á Kosciuszko í Ástralíu. Carstenz er á miklu óróasvæði og í raun er svæðið lokað fjallamönnum um þessar mundir. Eftirfarandi pistill er byggður á upplýsingum um ferðina á heimasíðu kappans.

#### **Denali / Mt. McKinley, 6194 m**

Haraldur Örn Ólafsson náði tindi Denali 9. júní 2001 eftir hinni hefðbundnu West Buttress leið. Það tók kappann tvær vikur að ná toppnum. Guðmundur Eyjólfsson varð frá að hverfa vegna veikinda. Denali er hæsta fjall Norður-Ameríku og er í Alaska en nafnið er komið frá frumbyggjum og merkir "sá stóri". Fjallid er íslenskum fjallamönnum vel kunnugt. Allt síðan Arnór Guðbjarts-son þrammaði þar upp árið 1979 hafa

íslenskir „leið-angrar“ verið þar á þvæl- ingi af og til. Fjallid þykir nokkuð erfitt viðureignar miðað við hæð og hefur rúmur helmingur þeirra sem reynt hafa að klifa það þurft frá að hverfa. Það er þekkt fyrir válynd veður og mikinn kulda enda talið eitt kaldasta fjallid utan Suðurheimskautsins.

#### **Elbrus, 5642 m**

Haraldur náði tindi Elbrus 27. ágúst 2001. Frá Íslandi var farið til Moskvu og þaðan í Kákasusfjöllin. Ferðafélagi Haraldar var Ingvar Þórisson dagskrágerðarmaður. Í fyrstu toppatilraun var Haraldur veikur og snéri við um 200 metrum undir tindinum. Tveimur dögum seinna var heilsan komin í lag og fór hann þá á hæsta tind Evrópu einn síns liðs. Samkvæmt nútíma landafræði er Mt. Blanc ekki lengur hæsta fjall Evrópu heldur Elbrus í Kákasusfjöllum sem er 835 metrum hærra. Fjallid er í Rússlandi og á milli Svartahafs og

Kaspíahafs. Á tímum járntjaldsins þótti hins vegar ómólegt að hæsta fjall Evrópu væri austan við tjaldið, þrátt fyrir að það væri jú alltaf í Evrópu. Svona geta nú pólitísku trúarbrögðin verið skýtin.

#### **Kilimanjaro, 5895 m**

Haraldur Örn náði Uhuru, hæsta tindi Kilimanjaro, 7. september. Eftir Elbrus leiðangurinn hélt Haraldur rakleiðis til Nairobi í Kenýa. Ferðafélagar Haralds voru Ingþór Bjarnason, Steinar Pór Sveinsson og Garðar Forberg. Þeir fóru Umbwe-leiðina sem er falleg leið á suðurhlíð fjallsins. Lagt var á tindinn skömmu eftir miðnætti og gengið upp með Arrow jöklum. Tindinum var náð við sólarupprás í glæsilegu útsýni. Kilimanjaro er hæsti tindur Afríku og er við landamæri Tanzaníu og Kenýa. Þetta aldna eldfjall rís eins og eyja yfir regnskóga og sléttur Afríku.



Ísalp í annað sinn á Everest.

Ljósm.: Úr safni Haralds.

### Carstenz Pyramid, 4884 m og

### Kosciuszko, 2228 m

Haraldur Örn þurfti frá að hverfa á Carstenz Pyramid þar sem þyrla sem átti að flytja hann að fjallinu var í lamasessi. Allar aðrar leiðir voru reyndar til að komast að fjallinu en þær reyndust lokaðar. Grunur leikur á að stjórnvöld hafi ekki viljað fjallgöngumenn á svæðinu af ótta við mannran og hryðjuverk frelshreyfingar Papua. Fjallið er í steinaldarríkinu Irian Jaya á Nýju-Gíneu sem er nú undir stjórn Indónesa. Þetta er einn af örfáum stöðum í heiminum þar sem enn má finna fólk sem lifir á steinaldarstigi og vestraen meining hefur ekki hafid innreið sína. Sagt er að á eyjunni finnist enn fólk sem hafi aldrei séð hvítamenn. Pólitískt ástand í ríkinu er mjög viðkvæmt þar sem skærulíðar berjast nú fyrir sjálfstæði ríkisins. Eftir pólitískar hrakfarir á Carstenz fór Haraldur Örn til Ástralíu og kleif Kosciuszko 2. desember 2001 sem einnig er viður-

kenndur sem hæsti tindur "Australasíu" sbr. m.a. Seven summits eftir Steve Bell. Þetta var létt sunnudagsganga sem tók ekki nema tvo tíma þrátt fyrir að hann sleppti því að taka skíðalyftuna sem liggar upp mestu brekkuna. Fjallið er í Snowy Mountains í New South Wales, ekki langt frá Sydney. Þrátt fyrir að vera ekki hátt er fallegt á fjallinu og útsýnið ágætt yfir ávalar hæðir nágrennisins.

### Vinson, 4897 m

Haraldur Örn náði tindi Vinson, hæsta tindi Suðurskautslandsins, þann 18. desember 2001. Hann er fyrsti Íslendingurinn til að klifa tindinn. Veður var með eindænum gott, sól, logn og frost um 30 stig. Það tók ekki nema fjóra daga að klifa tindinn. En á eftir góðu veðri kemur slæmt veður og varð Haraldur veðurtepptur á leiðinni til Chile í 18 daga yfir jól og áramót. Suðurskautslandið er hæsta, kaldasta og þurrasta heimsálfá jarðarinnar og hvergi er meiri óbyggðir að finna en einmitt þar. Háir fjallgarðar rísa upp úr ísbreiðunni og þar er fjalla hæst Vinson. Erfiðleikarnir við að klifa fjallið felast einkum í grimmardar kulta og tiðum stormum.

### Aconcagua, 6960 m

Haraldur Örn náði tindi Aconcagua 2. febrúar 2002. Veður voru óvenju slæm á fjallinu í janúar og ótrúlega mikil snjódýpt. Siðan veiktist hann af lungnakvefi og varð að fara niður í Mendoza í viku á sýklalyf aður en reynt var við tindinn. Loksins voru erfíðleikarnir að baki og hann náði tindinum örugglega einn síns liðs. Fjallið, sem er í Argentínu, er næst hæst af tindunum sjö, á eftir Mt. Everest. Það er auk þess hæsta fjalljarðar utan Himalayafjalla.

### Everest, 8848 m

Haraldur Örn náði tindi Mt. Everest rétt fyrir kl. 5 að morgni 16. maí 2002.


Hann hringdi heim í leiðangursmiðstöðumina í Útilífi Smáralind að hætti fyri Everestfara og lýsti útsýninu af toppnum. Þannig lauk hann þessu langa og stranga verkefni á glæsilegan hátt. Haraldur kleif tindana sjö á innan við einu ári og er yngsti maður í heiminum til að ganga á báða pólana og tindana sjö.

### Pumori

"Tungustelpa í Himalæjafjöllum" var fyrirsögnin í Jólalesbók Sunnlenksa fréttablaðsins jólín 2001. Konan á bak við fyrirsögnina ku vera Anna Svavarsdóttir frá Drumboddsstöðum í Árnessýslu. Útsendari Ísalp í hreppnum sendi rithefndinni til glöggunar velkta og snjáða úrklíppu úr heraðsmálagninu. Pumori er íslenskum fjallamönnum vel kunnugt af ferðum Þorsteins Guðjónssonar og Kristins Rúnarssonar sem létu lífið á fjallinu árið 1988 og síðar Ara K. Gunnarssonar sem einnig léti þar lífið árið 1991. Anna var í fjölpjöldlegum hóp frá ferðskrifstofunni BBC og hafði árið áður gengið á Island Peak. Þau voru snemma á ferðinni og lentu í miklum snjóþyl við komuna í grunnbúðir í 5300 m hæð. Eftir að hafa hírst í grunnbúðum í viku var hafist handa við að setja upp fyrstu búðir í 5770 m og í framhaldi af því setja upp línrí yfir í aðrar búðir sem áttu að vera í 6700 m hæð. Snjóflóð og stórar sprungur urðu reyndar til þess að enginn úr hópnum komst yfir í aðrar búðir og þar var látið við sitja eftir að nokkur stór snjóflóð og önnur áföll höfðu kylt hópinn niður.

### Noregur

Jón Haukur Steingrímsson fór nýja ísleið í Noregi í febrúar 2000 ásamt Norðmanninum Ole Martin Bakken. Leiðin er skammt frá Prándheimi, nánar tiltekið fyrir ofan Bomstasjon Værnes. Leiðin "Bomtur" er tvær spannir og frekar tortryggð M4 / WI5. Jón Haukur



Hjalti klifrar Löggleiðina í Rodella 7c og Valdi tryggir.  
Ljósm.: Stefán S. Smárason.

dvaldi í Noregi veturna 1998 til 2000 og klifraði töluvert af ísleiðum í kringum Prándheim með norskum kliffrurum, en einnig með Ólafi Ragnari Helgasyni og Guðmundi Tómassyni.

## Ítalía

Í september 2001 klifruðu Hálfdán Ágústsson og Elísabet Vilmarsdóttir nokkrar klettaleiðir í Sperlonga, S-Ítalíu, og í Cala Gonone, Sardiníu. Á Sardiníu eru góðar aðstæður til klettaklifurs og í kringum Cala Gonone eru ca. 500 skráðar klettaklifurleiðir. Þar af eru a.m.k. 300 boltaðar af öllum lengdum og gráðum.

## Spánn

Björn Baldursson, Hallgrímur Örn Arngrímsson og Guðmundur „Spánverji“ héldu ásamt Hjalta Rafni Guðmundssyni til Spánar vorið 2000. Bjössi og Halli voru í 6 vikur en Hjalti og Gummi í 9 vikur. Fóru þeir félagar víða á helstu svæðum Spánverja. Erfiðast klifruðu Hjalti og Björn 8a.




Hjalti þrefar á slópernum. Frá, Fountainbleau.  
Ljósm.: Úr safni Rafns.

Vorið 2001 eyddu Hjalti Rafn og Rafn Emilsson 3 mánuðum í Fontainbleau í Frakklandi og á Spáni. Rafn klifraði erfðast 7c+ og Hjalti 8a+.

## Malasía

Að loknum prófum vorið 2001 héldu fjórir tilvonandi pissauppiwindinnfræðingar í námsferð til Malasíu. Eftir að hafa kynnt sér undur og stórmerkí í tæknimálum þarlendra gripu þeir í klettaklifur í nokkra daga. Inni á milli trjánna í úthverfum Kuala Lumpur fundu þeir tvö klifursvæði í Nanyang og "White wall". Peir mátuðu þau, þrátt fyrir mikinn hita og raka, en gáfu klifrinu misjafna einkunn eins og sjá má í grein hér í blaðinu eftir Stefán Örn Kristjánsson og Harald Guðmundsson. Auk þeirra voru þar á ferðinni Sigurður Skarphéðinsson og Brynjólfur Stefánsson.

Rafn í L'Aérodymite, frá Fountainbleau.  
Ljósm.: Úr safni Rafns.





**Böbbi krúsar.** Ljósm.: Jón Haukur Steingrímsson.

## Ísland

### ISKLIFUR

#### Vestfirðir

Landflóttá ferðamálafrömuður, Rúnar Óli Karlsson, sem dvaldi um tíma í höfuðborginni hefur verið duglegur við að tína upp nýjar leiðir í nágrenni höfuðstaðar kvótaandstæðinga á Ísafirði. Helst hefur Rúnar verið að klifra með Eiríki Gíslasyni (bróðursyni Helga og Eiríks frá Bakka) og gamla mentornum sínum Sigurði „Búbba“ Jónssyni. Eins og vænta má er urmull af vænlegum klifurlínum í flestum fjörðum, alltjént ef litíð er upp af veginum á hraðbrautinni suður firði eða norður Djúp. Það stóð til að halda ísklifurfestival 2002 á Ísafirði. Um tíma stefndi í að öll gistiþús í plássinu yrðu upppontuð af ís-sjúkum ísölpurum en slæmt veðurhlít um allt land setti planið úr skorðum. Var því reynt að stefna liðinu vestur helgina á eftir en það gekk frekar treglega þrátt fyrir að margir hafi skráð sig til leiks helgina á undan. Tveir þáttakendur létu sig þó hafa það á endanum og klifruðu

í góðu samlæti við heimamenn. Reynt var við nýjar leiðir í Önundarfirði en urðu klifrarar frá að hverfa vegna mikillar ofankomu og vaxandi snjóflóðahættu. Í Óshlíðinni var klifruð löng leið fyrir ofan Dreitil í flottu veðri sem ekki hlaut nafn. Auk þess var Vikivaki klifraður á sunnudeginum áður en gestir flugu heim á leið. Eftirtaldar leiðir hafa verið klifraðar fyrir westan síðustu misseri:

#### Óshlíð

Rúnar Óli og Eiríkur fóru nýja leið í Óshlíð í janúar 2001. Þeir klifruðu upp á einn vegskálann og þar fyrir ofan fóru þeir brattan, um 50 m háan, foss sem hlaut nafnið Dreitill vegna þess hve blautur hann var.

Grátmúrin, WI4, 50 m, 20. desember 2001. Rúnar Óli Karlsson og Eiríkur Gíslason. Fyrir ofan þrója vegskálann, væntanlega talið í átt frá höfuðstaðnum, er gjá sem er nefnd Hvannagjá. Grátmúrin er neðsti fossinn í gilinu sem byrjar upp á vegskálunum. Fossinn virðist alltaf vera frekar blautur en er mjög fallegur.

Pann 2. janúar 2002 fóru Rúnar Óli Karlsson, Eiríkur Gíslason og Ragnar Þrastarson nýja leið í Óshlíð beint fyrir ofan annan vegskálann nánar tiltekið í Hvannagjá innri. Leiðin hlaut nafnið Vikivaki og er af gráðu WI 4+.

Eiríkur Græni, WI 5, 120 m, 30. mars 2002. Ívar F. Finnbogason og Arnar Emilsson. Í Óshlíðinni, vinstra megin við leiðina Eirík Rauða. Sama gili er fylgt, nema síðustu tvær spannirma, sem eru 40-50 m af 4 til 4+ og svo 55 m af 5. gráðu kerti sem liggur upp í þil. Það er mikil af ís í leiðinni, sem reynir á úthaldið frekar en tæknina.

Vit feðranna, WI 4+, 50 m, 2. mars 2002. Eiríkur og Rúnar Óli. Í Óshlíð

utan Seljadals. Leiðin er ofarlega í Innri-Hvanngjá sem er sama gil og Grátmúrin er í. Í um það bil 450 m.y.s. er þykkur og fallegr foss, neðri helmingurinn er brattur en ljúfara klifur í efri hlutnum. Ofan við fossinn er auðveld ganga upp á brún.

#### Hestfjörður

Í febrúar 2002 var Rúnar Óli á ferð með Sigurði „Búbba“ Jónssyni í Hestfjörði í Ísafjarðardjúpi. Þeir fóru þar nýja leið í gilinu í firðinum. Leiðin er um 60 m á hæð og af 5. gráðu. Búbbi var að eigin sögn „alveg kominn að því að æla eftir erfiðasta kaflann“. Reyndar voru timburmenn að hrjá hann.

#### Álfatafjörður

Í desember 2000 voru frumfarnar tvær leiðir á nýju ísklifursvæði í botni Álfatafjarðar. Önnur leiðin er ennþá nafnlaus 4. gráða og 45 m löng. Hin hlaut nafnið Stekkjastaur í tilefni jólanna enda klifruð 22. desember. Stekkjastaur er í Valagili og er af 5. gráðu og 70 m löng. Það voru þeir Rúnar Óli og Eiríkur sem fóru báðar leiðirmar.

#### Önundarfjörður

Sýndarveruleiki, WI 4, 2 1/2 spönn, 12. janúar 2002. Rúnar Óli og Kristján Jónsson. Frá þjóðveginum er keyrt inn í Önundarfjörðarbotn að norðanverðu. Fyrir ofan bæ einn með undarlega nafnið Betanía er flott hvilft sem hýsir nokkrar skemmtilegar leiðir. Fyrsta spönn er 50 m lúmskt brött spönn. Síðan tekur við létt 50 m spönn sem endar með 15 m háu íshafti.

#### Norðurland

##### Öxnadalur

Pann 11. nóvember 2001 fóru Agureyringarnir Böbbi og Bassi (Sigurbjörn Jón Gunnarsson og Jón

Marínó Sævarsson) nýja leið vestan megin í Öxnadal, rétt sunnan við bæinn Gil. Leiðin er 55-60 metrar og er í hamri með viðum gilskorningi fyrir neðan Gilshnjúkinn í Heiðarfjalli. Leiðin er af gráðu 3+ og fékk hún nafnið Gollurhús.

Two fat boys, WI 3, 17 m, 17. nóvember 2002. Adam Bridgen, Jón Marínó Sævarsson og Sigurbjörn Jón Gunnarsson. Leiðin er við Vatnsfoss eða Bergbúann í hömrum fyrir ofan bæinn Efstaland, austan megin í Öxnadal. Ísinn var kertaður, lítil og blautur miðað við árstíma. Fyrst er 6-7 metra kafla sem er nánast löðréttr en mjög auðveldlega klifraður út af kertuðum ís sem gaf góðar fótfestur. Leiðin endar svo í léttu stallaklifri með fótabaði í lokin. Frekar erfitt var að tryggja í þessum aðstæðum og var notast við ísskrúfur, slinga og vörtusvíni.

### Svarfaðardalur

Ormapartí, III WI 4, 400 m, 30. desember 2001. Atli Þór Þorgeirsson, Friðjón Þórleifsson og Jökull Bergmann. Skemmtilegt „Skarðs-heiðarklifur“ í vesturvegg Búrfellsþymu sem býður upp á allt í réttum hlutföllum. Því áberandi gil einkenna vegginn, Ormapartí liggur upp vinstra gilið. Leiðin byrjar á um 150 m snjóbrölti, svo tekur við 50 m WI 4 ísfoss og að lokum 200 m gil með blönduðu klifri og mosa upp á brún. Athugið að niðurleiðin er stórvavarasöm ef einhver snjóflóðahætta er, en hún liggur niður norðurhlíðar fjallsins.

### Skíðadalur

Jökull hefur sithvað verið að braska í nágrenni við ættaróðalið á Klængshóli í Skíðadal. Í janúar 2002 ætlaði hann að klifra nýja leið í Másstaðahömrum ofan við samnefndan bæ, en mörg lítil gil eru í hömrunum sem bjóða upp á einnar



Ísklifurfestival 2001. Palli vinstra megin í E222 og Styrmir hægra megin í Sóðakjafti.  
Ljós.: Jón Haukur.

spannar leiðir. Leiðin er skammt frá leiðinni Superdupont sem hefur verið lýst ádur í ársritinu. Í för með Jökli voru Böbbi og Bassi. Ekki vildi betur til en svo að rétt undir leiðinni steig kallanginn út á eina snjóskaflinn í annars snjólausri hlíðinni og húrraði með snjóskaflinum niður hálf fjallið. Þegar að var komið kom í ljós að hann var hryggbrotinn eftir rennireiðina og gerði lítið meira þann veturinn en að máta legubekki. Jökull hefur því harma að hefna og ætlað að klára leiðina við fyrsta tækifæri.

### Kaldakinn

Ísklifurfestivalið 2001 var að þessu sinni haldið í Köldukinn við Skjálfsanda. Þátttakendur voru alls 25. Veður og aðstæður voru góðar þrátt fyrir að ísinn væri með minna móti miðað við það sem vant er. Samkoman tökst vel í alla staði. Sunnanmenn óku norður á fimmtdagskvöldi og suður aftur á sunnudegi. Gist var á Edduhótelinu að Stóru-Tjörnum í Ljósavatnskarði. Bössarnir; Sigurbjörn Gunnarsson og Jón Marínó Sævarsson höfðu veg og vanda að samkomunni og stóðu sig eins og hetjur við skipulagninguna. Alls

féllu 10 nýjar leiðir, 5 á föstudeginum og 5 á laugardeginum. Á flötinni undir hömrunum höfðu Nanoq menn tjaldað flennistóru Mountain Hardwear leiðangurstjaldi og buðu þar upp á rjúkandi kjötsúpu og volgar guðaveigar við góðar undirtektir. Lítill ís var á svæðinu og var það mál manna að flestar leiðanna væru sennilega auðveldari í meiri ís sem að öllu jöfnu flokkast undir venjulegar aðstæður. Leiðarvísir af svæðinu er í vinnslu en eftirtaldar leiðir voru klifraðar:

Tangó Kálfanna, WI 4+, 120 m. Guðmundur Helgi Christensen og Jórunn Harðardóttir. Leiðin byrjar á auðveldu 2+ klifri um 50 m, önnur spönn er 50 m af 4+ og að lokum er um 20 m af bröttu mosaklifri upp á brún. Gengið niður til suðurs. Lítill ís var í leiðinni og eins og aðrar verður hún væntanlega heldur auðveldari í meiri ís.

Ræsið, WI 3+, 120 m. Jón Gunnar Þorsteinsson og Húnþogi Valsson. Liggur upp gilið fyrst í stað og síðan upp vegginn á hægri hönd. Létt fyrst í stað en öllu erfiðari um miðbikið. Léttist heldur þegar ofar dregur. Ísdrífan af

forgöngumanni fellur niður í eins konar ræsi sem liggur meðfram klettaveggnum á vinstri hönd.

Sýnishornið, WI 5, 80 m. Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson. Byrjað er lengst til hægri og klifrað upp til vinstri. Miðhlutinn er erfiðastur.

E300, WI 5, 120 m. Guðmundur Helgi Christensen og Jórunn Harðardóttir. Neðstu 70 m eru brattir en restin dettur niður í 60-70 gráður.

E222, WI 5, 120 m. Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson. Hægra megin við E300. Bröttust neðstu 70 metrana líkt og E300 en brattin minnkar efst.

Sóðakjaftur, WI 5, 135 m. Jón Haukur og Styrmir Steingrímssynir. Fylgir ystu línumni til hægri við E222 upp á syllu. Tæp hlíðrun um 15 m eftir syllunni til vinstri út í meginísinn við E222 og E300, nauðsynlegt að hafa með spektru eða klettatryggingar í hlíðrunina.

Gleymaskan, WI 4, 130 m. Jón Haukur Steingrímsson, Styrmir Steingrímsson og Karl Ingólfsson. Beint upp breiðan ísfláka. Einna bröttust um miðbikið.

Miðnæturhraðlestir, WI 4, 180 m. Helgi Borg Jóhannsson og Jón Gunnar Þorsteinsson. Auðveld í byrjun. Erfiðleikarnir liggja í 20 m kerti um miðbik leiðarinnar. Nokkuð jafnþrótt eftir það.

Flagan, WI 3, 150 m. Sigurbjörn Gunnarsson og Stefán Páll Magnússon. Jafn bratti alla leið.

Vörtusvínið, WI 3, 60 m. Sigurbjörn Gunnarsson, Stefán Páll Magnússon og Jón Marinó Sævarsson. Þægileg 3.

gráðu leið. Seinni hlutinn er brattari en sá fyrri.

## Suðausturland

### Öræfasveit og nágrenni.

Pann 26. janúar 2000 fóru Guðmundur Óli Gunnarsson og Arnar Emilsson stutta leið beint yfir The road to nowhere í Grænafljallsgljúfri. Sömu helgi fóru Guðmundur Óli, Arnar og Magnea Magnúsdóttir fremstu leiðina vestan megin í gljúfrinu en hún er af 4. gráðu og hlaut nafnið Nefibrjótur. Ívar Freyr Finn bogason og Einar Rúnar Sigurðsson klifruðu einnig 70 m langa, 4. gráðu leið við hlíðina á Þýsk-íslensku leiðinni og nefndu hana Tiðindalaust af austurvígstöðvum.

Pann 18. desember 1999 frumfóru Ívar Finn bogason, Örvar Atli Þorgeirsson og Einar Rúnar Sigurðsson leiðina Myrkrahöfðingjani í Goðagili í Svínafelli, beint upp af fjárhúsunum í Viðahlíð. Leiðin byrjar á 45 m löngu 5. gr. hafti og liggur svo upp allt gilið þangað til komið er að öðru hafti sem er örflítið strembnara og 55-60 m langt. Þaðan er farið vinstra megin upp feitt kerti en einnig er mögulegt að fara upp tvö löng mjó kerti hægra megin. Beint upp af því kemur annað haft um 20 m, 3. gr. og eftir það er beygt til hægri og farið upp tvö stutt höft til viðbótar. Best er að rölt að vinstra megin upp til vesturs niður að Svínafellsbæjunum. Leiðin hlaut nafn sitt vegna þess að klifrað var myrkraná á milli.

Í janúar 2000 fóru Helgi Borg Jóhannsson, Jason Paur og Einar Rúnar Sigurðsson 40 m háan ís foss í Hvalvörðugili í Veðrastapa. Fossinn er sá mest áberandi frá veginum og hlaut hann nafnið Veðri og er WI 3+. Síðan klöngruðst þeir upp suðurhlíðina á Veðrastapa. Ekki er ljóst hvort áður hafi

verið farið á stapann sjálffann. Sama lið klifraði einnig 125 m ísleið í fallhamrinum sem er á hægri hönd við hlíðina á brötti snjóbrekkunni sem allir þekkjá sem hafa farið upp Virkisjökulinn á Hnjúkinn. Leiðin liggur upp foss sem rennur úr jöklinum upp á hamrinum svo að ísinn var dálítið brúnleitir að sjá. Leiðin fékk nafnið Brúnka vegna litarins á ísnum en einnig til heiðurs hesti sem kom niður Virkisjökulleiðina af Öræfajökli fyrir um hundrað árum (sjá bókina hans Snævarrars). Hesturinn hétt áreiðanlega Brúnka. WI 4+ og hæð 125 m (95 m í ís).

Irpugilskertið, WI 3, 7 m, 23. febrúar 2002. Einar, Aron, Ingimundur og Katrín. Í Irpugili sem er 1,5 km vestan við Hnappavelli eru landamerki Fagurhólmseyrar og Hnappavalla. Gengið fyrir tvö horn í gilinu og þar er kerti sem er nokkuð bratt með skemtilegum hreyfingum þrátt fyrir að vera ekki mjög hátt. Fyrst til að klifra það auk Einars voru Aron 11 ára sonur hans ásamt 12 og 13 ára skólasystkinum Arons sem búa á Hnappavöllum. Það er greinilegt að kynslóðaskiptin í öræfska klifrinu eru hafin.

Pann 1. og 2. apríl 2000 klifruðu þeir félagar Einar Rúnar Sigurðsson, Ívar F. Finn bogason og Örvar Atli Þorgeirsson nýja leið á Suðurtind Hrútsfjallstinda. Leiðin fékk nafnið Postulín og liggur austan við Scottsleið, upp austasta fossinn í klettapílinu þar sem Scottsleið hefst og eltir gil og fossa upp að áberandi foss sem fellur niður miðjan suðurtindinn. Eftir þennan foss er svo klifrað eftir áberandi hrygg upp á suðurtindinn. Klifrið tók two daga og leiðin er um 1300 m. Erfiðleikar í ís upp að 5. gráðu og klettum upp að 5.5. Nánari lýsingu á leiðinni er að finna í grein Ívars hér í blaðinu.

The Rookie Horror Show, WI 4-, 40 m, 5. mars 2002. Ivan Cheeseman, John Jeffery og Einar Sigurðsson.  
Grófarlækjarfoss, um 1 km vestan við bæinn Hnappavelli, um 200 m norðan við þjóðveginn. Þar er þrónt gil sem liggar upp að fossinum. Þeir klifruðu hægra megin við tjörnina undir fossinum. Fyrstu 25 m voru í bröttum og mjög kertuðum ís en efri hlutinn var auðveldari WI 3 spönn.

### Hnappavellir

Þann 6. janúar 2001 fór Einar Öræfingur ásamt Guðmundi Þorsteinssyni og konu sinni í Hnappavallahamra og klifruðu þau þar leið sem er rétt hægra megin við klettaleiðina Svalirnar. Leiðin fékk nafnið Toy Story vegna þess að eingöngu var tryggt með hnetum og vinum. Hún fékk gráduna 3 og er um 15 metra há. Daginn eftir fór Einar með fjölskyldu sína í Hnappavallahamranu og klifruðu þau eina nýja leið skammt vestan við klettaleiðina Slátturhúsið. Þau klifruðu öll upp og nefndu leiðina Adams fjölskyldan í tilefni þess að þetta er fyrsta leiðin sem heil fjölskylda frumfer.

Síthvað meira var braskað á Hnappa-völlum án kalkpokans. Leiðin Ísklifrarar eru líka fólk sem er 12 m löng WI 4 leið var klifruð á gamlarársdag 2001 af Hjalta R. Guðmundssyni, Einar Öræfingi og Ívari F. Finnbogasyni. Fossinn er vestan við klettaleiðina Leikið á alls oddi.

### Núpshlíð

Núpshlíð er hlíðin fyrir ofan og inn af bænum Núpsstað, gegnt Lómagnúp. Bærinn er af öðru betur þekktur fyrir húsráðendur sem eru sérlega ernir bræðir. Þar eru nokkrir fossar sem snúa á móti suðaustri. Leiðirnar voru í góðum aðstæðum eftir langan frostakafla í febrúar 2002. Fjórar leiðir voru

klifraðar svo vitað sé til. Þær eru hér talðar upp frá gilinu ofan við bæinn til austurs. Fleiri möguleikar á leiðum eru á svæðinu.

Vígtönnin, WI 5, (ein spönn) var klifruð af Páli Sveinssyni, Þorvaldi Þórssyni og Einari Sigurðssyni 24. febrúar 2002. Leiðin er glæsilegt frístandandi kerti í gilinu ofan við bæinn. Aðeins tekur um 15 mínútur að ganga upp að leiðinni sem er í skugga seinni hluta dags.

H fyrir latur, 45 m, WI 4+. Klifruð af Einari og Ívari F. Finnbogasyni 30. desember 2001. Leiðin er lengst til hægri af augljósum línum austast í gilinu beint fyrir ofan bæinn.

Flott lína, 100 m, WI 5. Klifruð af Einari, Ívari og Hjalta R. Guðmundssyni sem er öllu þekktari fyrir klettaklíp en ísklifur. Leiðin er um 800 m austan við bæinn. Hægt er að keyra að leiðinni eftir slóð sem liggar neðan við túnin við bæinn. Þar eru tvær áberandi leiðir hlíð við hlíð sem snúa á móti Lómagnúp og var sú innri (hægra megin) klifruð. Í byrjun er 50 m 4+ spönn upp á stall svo er 30 m WI 5 spönn upp á annan stall, að lokum er stutt WI 5 spönn upp á brún.

Pimm (P-fimm). 2-3 spannir, WI 5, 24 febrúar 2002. Jón Haukur Steingrímsson og Arnar Emilsson. Leiðin er einna innst í hlíðinni af þeim stóru leiðum sem þarna eru í boði. Fyrsta spönn er tæplega 60 m löng á stórum og mjög samfelldum ísfleka. Lítíð er hægt að hvíla í þessari spönn sem leynir verulega á sér sökum lengdar og heildar bratta. Þar fyrir ofan eru nokkrur stutt og þægileg íshöft áleiðis upp hlíðina.

**Ívar klifrar Gullnu Sturtuna M5+ á Kirkjubæjarklaustri.**  
Ljósm.: Hjalti Rafn Guðmundsson.



## Kirkjubæjarklaustur

Við Kirkjubæjarklaustur er búið að klifra nokkrar nýjar leiðir sem flokkast sem hreinar sport-ísleiðir sem að mörgu leyti má líkja við Múlafjall, án brekkunar (sjúkk). Mest var klifrað í frostakafnum í febrúar 2002. Leiðirnar eru auðfundnar fyrir þá sem á annað borð góna eftir slíku. Frá bensínstöðinni er beygt til vinstri (eiginlega haldið beint áfram) í stað þess að beygja til hægri í átt að Skaftafelli. Eftirtaldar leiðir hafa verið skráðar:

N-18, WI 5, 45m, 29. desember 2001. Hjalti og Ívar. Næsta gil við Stjórnárgil. Stór lína sem snýr í suður. Farið er upp hjá hvítá bústaðnum að leiðinni sem er ein spönn. Leiðin byrjar í aflíðandi ís en verður brattari þegar ofar dregur. Gráðan vafðist eitthvað fyrir drengjunum sem segja leiðina hugsanlega léttari þegar meiri ís er og þykir hún frekar fjarkaleg á að sjá.

Hertoginn af Kolbeinsey, WI 4, 25 m, 9. febrúar 2002. Ívar F. Finnbogason og Hjalti Rafn Guðmundsson. Miðjan á þílinu hægra megin við N-18.

Gullna sturtan, M 5+, 25 m, 9. febrúar 2002. Ívar F. Finnbogason og Hjalti Rafn Guðmundsson. Ein af fyrstu línum handan við hornið í hlíðinni innan við Stjórnárgil. Leiðin byrjar hægra megin við gult ísbil sem nær ekki alveg niður og því er smá klettaþrí upp í þunnum ís. Eftir þunna ísinn í ca. 4-5 m hæð kemur þversprunga sem tekur stóra vini (blár og gulur BD). Hliðrað á sprungunni til vinstrí út á ísinn og þaðan er auðveldur leikur upp á brún.

**Helgi verkalýðshetja klifrar Tjaldið í annað sinn á 1.maí 2002.**  
Ljósm.: Jón Haukur,



Kapteinn Kirk, M 6+ / WI 6+, 20 m, 9. febrúar 2002. Ívar F. Finnbogason og Hjalti Rafn Guðmundsson. Strompur í litlu gili í hlíðinni inn af Stjórnarárgili. Þunnur ís inni í sprungu vinsta megin í 2 m breiðum strompi. Ísinn er klifraður upp undir þak þar sem hægt er að setja inn lélegan vin, annars er hægt að tryggja með útsjónarsemi og ísskrúfum. Þaðan er hlíðrað í klettnum undir þaki til hægri og yfir í holurnar í veggnum hægra megin. Úr holunum er farið upp á íspakið og upp á brún. Einnig hægt að klifra hærra upp hægra megin og klifra alla leiðina með axir í ís.

Sexi, WI 6, 40 m, 10. febrúar 2002. Ívar F. Finnbogason, Hjalti Rafn Guðmundsson og Einar Rúnar Sigurðsson. Fyrsta ísleiðin norðan eða innan við gilið sem Kaptein Kirk er í. Byrjað er á að fara út á fríhangandi kerti, við lok þess kemur svo annað fríhangandi kerti. Seinni hlutinn einkenndist svo af „blómkálshausum“ sem voru ekki mikið léttari en kertin.

Smjör er fjör, WI 5, 27 m, 23. febrúar, 2002. Hjalti R. Guðmundsson og Guðmundur „Spánverji“ Jóhannsson. Næsta leið til vinstri við Kaftein Kirk. Ísleið sem byrjar á mjóu og stuttu kerti sem leiðir upp í gleitt ísfyllt horn og endar í íspaki / regnhlíf.

## Suðurland

### Eyjafjöll

Í janúar 2001 fóru Páll Sveinsson og bandaríski klifrarinn Ralph Burns nýja 6. gráðu leið úti á áberandi klettanefi hægra megin við leiðina Dreitil. Ísklifrarar hafa horft á þessa leið undanfarin ár en ekki lagt í hana sökum bleytu og vegna þess hversu brött hún er. Þeir félagar nefndu leiðina The bright side og er hún 120 m löng.

Í mars 2001 klifruðu Jón Haukur og Styrmir Steingrímssynir ásamt Þórárn Þórarinssyni tvö einnar spannar kerti í gildragi upp af Langanesi norðan í Eyjafjallajökli. Þar af var annað kertið frístandandi en vel bunkað, báðar leiðirnar voru klassískar WI 4 leiðir, en heldur tæpar í toppinn. Sigið var úr báðum leiðunum þar sem þær enduðu á tæpum syllum í hlíðinni. Nokkrar leiðir hafa verið klifraðar í norðurhlíðum Eyjafjallajökuls en það hefur gengið treglega að greina þekktar leiðir í sundur vegna takmarkaðra lýsinga. Leiðunum voru gefin vinnuheitin Stubbur og Stúfur.


Þann 10. janúar 2001 klifraði Ívar F. Finnbogason leiðina Paradísarheimi án línu. Klifrið tók 75 mínutíð og telst því líklega fyrsta sólóklifur á þessari 120 m

leið og hraðamet. Guðmundur „Spánverji“ og Sigurður Skarphéðinsson voru í fossinum á sama tíma en urðu frá að hverfa vegna blautra aðstæðna og hruns yfir línuna sem þeir völdu.

## Suðvesturland

### Reykjavík

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur hefur um nokkurt skeið haldið úti aðstöðu fyrir ýmsa úti- og innileiki í gamla Gufunesbænum í Grafarvogi. Auk þess að bjóða upp á leiki fyrir börn á öllum aldrum og þroskastigum, er nú búið að útbúa aðstöðu fyrir aðeins eldri börn til að leika séri í frostinu. Hallgrímur Magnússon hafði forgöngu um að koma málínu á koppinn í samstarfi við félaga sína hjá ÍTR og Ísalp. Þannig varð fyrsti gervi-ísklifurveggur landsins til utan á gömlum súrheysturni á Gufunesbænum. Félagar Ísalp sáu um nauðsynlegar framkvæmdir til að koma veggnum í gagnið og hefur hann verið í stöðugri notkun þegar þannig hefur viðrað til. Í janúar 2002 stóð Ísalp fyrir fyrstu ísklifurkeppninni í turninum. Kept var með útsláttarfyrirkomulagi, þar sem samanlagður tími úr tveimur umferðum gilti til að komast áfram. Eftir mjög misharða keppni sigraði hinn kloflangi Jón Gauti Jónsson að lokum. Hinn harðhenti Ívar F. Finnbogason



# Ferðaleiðir

Landsvirkjun hefur gefið út kortið „**Ferðaleiðir sunnan Hofsjökuls**“.

Dreifingu þess annast

Hið íslenska bókmennatafélag, Síðumúla 21, sími 588 9060.



**Landsvirkjun**




Skúli Magnússon leyfir skrykkildinu að halda í við sig í Turninum.  
Ljósm.: Helgi Borg.

varð í öðru sæti og Hallgrímur Magnússon hinn búklangi vermdi þriðja sætið.

#### Múlafjall

Múlafjallið er eitt þeirra svæða sem mjög aðkallandi er að gera nýjan leiðarvísi yfir. Þar hafa á síðustu árum verið klifraðar fjölmargar nýjar leiðir og því miður eru margar þeirra enn óskráðar. Ritnefnd skorar hér með á þá sem best þekkja til í Múlafjalli að taka höndum saman og bæta úr þessu ófremdarástandi hið fyrsta.

Guðmundur Helgi Christensen og Jórunn Harðardóttir fóru tvær nýjar leiðir 26. desember 1999, innarlega í Múlafjalli, nánar tiltekið á móts við Glymsgil. Uppi í hlíðinni er lítið en



Páll Sveinsson klifrar eina af Tjaldsúlunum í Eilífsson. Ljósm.: Ívar F. Finnbogason.

áberandi gil og fóru þau eina WI 4 línu við hlíðina á gilinu og síðan aðra leið í gilinu sjálfu. Sú leið byrjar á 10 m fríhangandi kerti og síðan er hliðrað 2-3 m í klettum yfir í aðra íslænu og þar upp. Leiðin var gráðuð 5+.

Veturinn 2002 fóru svo Guðmundur Helgi og Jórunn að öllum líkendum nýja leið í þróngu gili um 600-800 m ofan við bílastæðið sem lagt er á þegar gengið er í Glymsgil. Leiðin liggur upp 20 m hátt kerti innst í gilinu sem er svo þróngt að næstum þarf að troða sér gegnum þrengsta hlutann. Gráða: WI 4.

#### Hvalfjörður – Gljúfurðalur

Í mars 2001 voru klifraðar þrjár nýjar leiðir í Gljúfurðal í Hvalfjörði, í námunda

við gömlu Hvalstöðina. Aðkoman að svæðinu er þannig að farinn er vegur sem liggur norður fyrir ólítankana vestan Bláskeggsá. Gengið er um Slysageira upp með Gljúfurá, sem rennur í Bláskeggsá og þaðan til sjávar vestan Pyrls í Hvalfirði.

Svæðið stendur í u.p.b. 450 metra hæð og er um 45-60 mínútna gangur að leiðunum. Þegar komið er upp á heiðina í um 300 metra hæð kemur svæðið í ljós og blasir leiðin Langsótt við sem stakt kerti. Aðrar leiðir í dalnum eru ekki sjánlegar fyrr en inn í Gljúfurðal er komið.

Langsótt, WI 5, 25 m, Jón Gauti og Leifur Örn. Leiðin er austan við hrygg sem skiptir Gljúfurðal í tvennt. Langsótt er flughált og snarbratt fríhangandi kerti



Ívar teygir á stjórnunni í Múlafjalli. Ljós.. Örvar Atli Porseirsson.

sem var ágætlega vaxið niður við fyrstu uppför.

Hettusótt, WI 3, 25 m, Viðir P. og Jón Þorgríms. Vestan við hrygginn sem skiptir Gljúfurdal.

Torsótt, WI 4, 40 m, Leifur og Jón Gauti. Vestan við hrygg sem skiptir Gljúfurdal.

## Vesturland

### Haukadalur


Ívar Freyr Finnbogason og Örvar Atli Porseirsson fóru nýja leið í Haukadalnum þann 21. desember 2000. Þetta er lína sem er innst til vinstri í Stekkjagili og er hún tvær spannir. Sú fyrri er WI 3, 55 m löng en sú síðari er

WI 4+ til WI 5. Trúlega er seinni spönnin ekki nema WI 4-4+ í venjulegu áferði.

Í desember 2001 klifu garðbæsku bræðurnir Arnar og Rafn Emilssynir nýja leið í Haukadalnum. Leiðina nefndu þeir Hydro flex flower power en hún er um 120 metra löng og fékk gráðuna WI 3+.

### Snæfellsnes - Mýrarhyrna

Jón Haukur Steingrímsson og Guðmundur Helgi Christensen klifruðu nýja leið í Mýrarhyrnu við Grundarfjörð, vorið 2001. Leiðin byrjar á löngu kerti sem er nánast full línlengd. Þegar um 10 m eru eftir af kertinu er stallur sem hægt er að setja stans á. Önnur spönn liggar upp restina af kertinu og upp



Jón Gauti hinn hraðengji klifrar Órin. Ljós.: Skúli Magnússon.

snjóskál að stuttu kerti sem í þetta skiptið náiði tæplega niður. Þriðja spönninn liggar upp kertið og yfir aðra snjóskál. Fjórða spönn er svo um 25 m langt kerti eða hrímaður veggur allt eftir smekk viðkomandi. Leiðin sem er um 150 m löng heitir Fýla-harmónía og er WI 5+.

### Skarðsheiði

Veturinn 2000 klifruðu Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson línu í Skarðshorni sem ekki er vitað til þess að hafi verið klifruð áður. Leiðin liggar vinstra megin við leið Óskars Þorbergssonar og Björgvins Richards-sonar frá 1985. Farið er upp áberandi hrygg og beint upp hornið ofan við leið 33, þ.e. vinstra megin við sjálfan hrygginn. Aðal erfiðleikarnir eru á um



Mynd efst:  
Jón Haukur þrálast í Fylaharmóníu í  
Mýrarhrynu. Ljósm.: Jón Haukur.

Mynd fyrir miðjan:  
**Hvassafell í Norðurárdal, Dverklof hægra**  
megin, en Ís-truflanir í miðjunni.  
Ljósm.: Jón Haukur.

Mynd neðst:  
**Ívar einfer leiðina „14“ í Villingadal í**  
Skarðsheiði, leiðin „14,25“ er hægra  
megin á myndinni. Ljósm.: Guðmundur  
Jóhannsson.

60 m löngum kafla sem er að miklu  
leyti í sæmilega traustu og vel trygjan-  
legu bergi, gráðan er um 4.


#### **Hvassafell í Norðurárdal**

Í góðum frostaköflum má á leiðinni  
norður á land sjá þrjár áberandi íslænur  
frá þjóðvegi 1 í Norðurárdal. Rétt áður  
en komið er að vegamótunum við  
Bröttubrekku og Baulu eru nokkuð háir  
klettaveggir í lágu fjalli sem heitir  
Hvassafell. Veturinn 2001 klifruðu Jón  
Haukur og Guðmundur Helgi tvær af  
þeim, leiðina lengst til vinstra og leiðina í  
miðjunni. Leiðin vinstra megin, Dverga-  
klof, er WI 5, full spönn og byrjar á  
kerti sem nær tæplega niður, en það er  
hægt að klifra ísbunka upp að því og  
klofa út í kertið þaðan. Ís-truflanir byrjar  
í rauðleitum, sæmilega vel  
tryggjanlegum klettum og heldur þaðan  
upp röð af kertum sem slíttu fram og  
tengjast misvel saman. Ís-truflanir /  
Ístru-flanir er M 6 / WI 5, en báðar  
leiðirnar eru full spönn.



#### **Hítardalur**

Guðmundur Helgi Cristensen, Einar  
Ísfeld Steinarsson hinn broddalausi og  
Páll Sveinsson, sem hefur verið aðeins  
lengur í bransanum en Helgi, fóru nýja  
þriggja spenna leið í Fagraskógarfjalli í  
Hítardal veturinn 2002. Fyrstu tvær  
spannir eru af 4. gráðu en seinasta  
spönnin 4+. Leiðin hefur verið nefnd  
„Óþekkti maðurinn“.



Helgi klifrar Ís-truflanir M6 í Hvassafelli.  
Ljósm.: Jón Haukur.

## KLETTAKLIFUR

### Suðvesturland

#### Valshamar

Í tengslum við klettaklifurnámskeið sem klúbburinn hélt vorið 2001 boltuðu Stefán S. Smárasón og Björn Baldursson tvær auðveldar leiðir í Valshamri. Sú fyrri er milli Gollums og Eilfis, á svipuðum slóðum og dótaleiðin Stallarnir. Leiðin er nokkuð þægileg 5.6 leið, með einni lykilhreyfingu rétt ofan við miðju, og hefur hún vinnuheitið Gimli. Hin leiðin er gamalkunnug leið sem nefnd er Skoran, og er hún 5.4 sprunga vinstra megin við Skóreimarnar. Jón Haukur endurboltaði neðri hlutann af "Slabbinu" þannig að boltarnir liggja nær horninu og breytti efri hlutanum þannig að línan liggur nú beint upp vegginn upp af horninu. Auk þess var bætt við nýju akkeri ofan við Náttgagnið. Stefán S. Smárasón endurboltaði Sumardrauminn og færði boltana nær horninu auk þess að bæta við einum bolta.

#### Stardalur

Róleg umferð hefur verið í Stardal síðustu misseri. Það er þó alltaf ákveðinn hópur sem sést reglulega á svæðinu. Sumir segja að þar sjáist aðeins gamlingjar eða græningjar og geta menn þá reynt að hafa skoðun á því hvorum hópnum þeir tilheyra. Engar nýjar leiðir hafa verið klifraðar svo vitað sé en ein leið hefur hins vegar horfið. Í vorleysingunum 2001 hrundi stuðullinn sem leiðin Stubbur, 5.7 (in memorian), var á. Aðrar leiðir eru sem betur fer í góðu standi. Það hefur nokkuð borið á því að fólk sé að rama upp og niður skriðuna eftir ýmsum leiðum, en



Mynd efst:  
Verslunarmannahelgi hvað! **Hnappavellir um Hvítasunnu 2001.** Ljósm.: Helgi Borg.

Mynd fyrir miðju:  
**Magnea Magnúsdóttir** vippar sér upp „Þetta eru fífl Guðjón“ 5.8 á **Hnappavöllum.** Ljósm.: Helgi Borg.

Mynd neðst:  
**Afstyrmið og Hnúajárníð** blæsma á Völlunum. Hjalti bíður spenntur eftir trekant. Ljósm.: Helgi Borg.

ritnefnd vill benda kliffrum á að nota göngustíginn sem liggur upp að Miðhörmrum um hrunslóðina eftir Stubbinn.



## Suðurland

### Eyjafjöll

Undir Eyjafjöllunum er klettaspíra í gili, 500-1000 m vestan megin við Ingimund, sem Guðmundur Tómasson og Guðmundur Helgi Christensen klifruðu sumarið 2001. Leiðin, sem hlaut nafnið Sumarsnjór, er tvær spannir og liggur framan á andlitinu, sú fyrr er 5.9 og sú seinni A2. Stefán Smáason og Leifur Örn Svavarsson fóru fyrst á spíruna í kringum 1990 eða jafnvel fyrr. Erfiðlega gengur að grafa upp hvað klettaspíran heitir og óskar ritnefnd hér með formlega eftir upplýsingum þar að lútandi en stingur annars upp á nafninu Völsi sé spíran ónefnd. Möguleikar eru á fleiri nýjum leiðum þarna í mjög flottu umhverfi.



## Suðausturland

### Hnappavellir

Mikil aðsókn var að Hnappavöllum sumrin 2001 og 2002. Umræða hefur verið um að fjölga leiðum í auðveldari kantinum og var unnið í nokkrum slíkum leiðum síðustu misseri. Hæg þróun hefur verið í leiðum á svæðinu eftir að allar augljósu leiðirnar voru klifraðar á sínum tíma. Þó bættust við nokkrar leiðir sumarið 2000 og sumarið



### Hurðu manni, áttu eitthvað?

Ljósm. Rafn Emilsson.

2002 var byrjað að vinna í nýju svæði neðan við Fagurhólmseyri. Svæðið fékk vinnuheiðið Nýjuvelli, en samkvæmt örnefnaskrá heitir kletturinn Skjól. Þar voru gerðar 5 nýjar leiðir, en svæðið býður upp á góða möguleika á fleiri leiðum. Rétt er að taka fram að umferð um svæðið er háð leyfi landeigenda og ekki er verið að stefna á fjöldasamkomur á þessu svæði.

Miðskjól / tjaldstæði. Grillið, 5.11a, Rafn Emilsson, sumar 2000. Leiðin er vinstra megin við Hornatangó og Off Width dótaleiðina. Skemmtileg og skritin leið sem byrjar á sprungu og fer svo upp hornið.

Miðskjól / tjaldstæði. Flæ gæ, 5.9, Arnar Emilsson og Stefán Smárason, sumar 2002. Leiðin liggur upp kverk, vinstra megin við leiðina Tóftin.

Miðskjól / tjaldstæði. Besta leið í heimi, 5.8, Hjalti Rafn Guðmundsson, sumar 2000. Leiðin er í Miðskjóli við tjaldstæðið og liggur upp glæsilegan stöpul milli Grænu Byttingarinnar og Þetta eru asnar Guðjón. Neðri hlutinn er nokkuð þægilegur en efri hlutinn getur verið varasamur og hafa nokkrir kappar klikkað á efstu hreyfingunni upp á slabbið. Að gefnu tilefni er tryggjurum bent að standa upp við leiðina en ekki niðri á flötinni.

Ölduból. Argasta sníld, 5.8, Rafn Emilsson, sumar 2000. Í Öldubóli vestan við Mónu Lísu. Létt yfirhangandi en engu að síður auðleyst leið, nafnið lýsir leiðinni vel.

Porgilsrétt. Léttölkshryggur, 5.12c, Hjalti Rafn Guðmundsson, sumar 2000. Leiðin liggur upp áberandi hrygg vestan




við leiðina Kokteil. Stutt og stremin  
leið sem byrjar á syllu ofan við  
skemmtilega grjótgímu, leiðin er það  
stutt að hún flokkast nánast sem  
tryggjanleg grjótgíma.

Þorgilsrétt. Ölkelduháls, 5.10d, og  
Fjósíð, 5.11d, Hjalti Rafn

Guðmundsson sumarið 2001. Stuttar  
en tæknilegar leiðir við Kokteil og  
Bagdad café.

Vatnsbólið. Gamlíngjar og Únglíngar eru  
tvær dótaleiðir austan við leiðina Svart  
regn sem voru klifraðar í júní 2001.  
Leiðirnar liggja sitt hvoru megin á



Mynd til vinstri: Hjalti í Nýheimum, 5.10a  
í Fagurhólmáarklettum (Skjöl).  
Ljós.: Stefán S. Smárason.

Mynd til hægri: Rafn reynir við Önnu  
Vélstjóra á Hnappavöllum, Hjalti spottar.  
Ljós.: Stefán S. Smárason.

stórum stuðli og er vel tryggjanlegum  
sprungum fylgt í efri hluta leiðanna.  
Leiðirnar byrja eiginlega á stórra flögu  
sem gengur upp að stuðli sem vantar  
neðri hlutann á. Syðri leiðin, Únglíngar,  
er 5.9 og var fyrst klifruð af Guðmundi  
Helga en Gamlíngjar, líklega 5.10 af  
Jóni Hauki með hörmungum í  
hanghund. Stefnt er á að setja  
toppakkeri við leiðirnar, en báðar eru  
þær vel tryggjanlegar upp á gamla  
móðinn.

Tvær nýjar leiðir voru klifraðar í  
klettunum miðja vegu milli Uxa og  
Lækjarhorns, en það þarf að labba yfir



smá mýri frá Vatnsbólinu til að komast að leiðunum: Sláturkeppurinn, 5.11b, Hjalti Rafn Guðmundsson, sumar 2000. Seinni leiðin og sú eystri er Hláturhúsið, 5.12b, Rafn Emilsson og Hjalti Rafn Guðmundsson, sumar 2000.

Nevada Bob, 5.10d, Stefán S. Smáason, sumar 2001. Stebbi dundaði sér sumarlangt við að hreinsa leiðina sem var alsett skófum. Leiðin liggur langt vestan við aðalklifursvæðin úti á sandi.

Fagurhólmseyri / Skjól. Sumarið 2002 náðu Hnappavallabúarnir samkomulagi við landeigendur á Fagurhólmseyri um að bolta klettana neðan við Fagurhólmseyri. Eins og áður er getið hafði svæðið vinnuheiðið Nýjuvellar en rétt nafn mun vera Skjól. Svæðið virðist aðallega bjóða upp á leiðir í erfíðari kantinum. Neðantaldar leiðir voru kláraðar í sumar, talið frá vinstri:

Nýheimar, 5.10a. Mjög góð leið. Stefán Smáason.

Skinkuhornið, 5.11a. Hægra megin við Nýheima er Skinkuhornið. Leiðin liggur upp hornið hægra megin á sama stöpli og Nýheimar og endar í sama akkeri.

**Valdi hamrar grjótglimuna Überkind í Steinafjalli. Hjalti lítur eftir stráksa.**  
Ljósm.: Stefán S. Smáason.

**Athafnasvæði stigaklifrara við Núp.**  
Ljósm.: Guðmundur Tómasson.



Laupur, 5.12b. Laupur er vinstra megin við Jaxlamannfélagið. Leiðin byrjar í brötti, strembru og tæknilegu klifri upp þak og út á brattan vegg, heildarlengd leiðarinnar er 18-19 m.

Jaxlamannafélagið, 5.12c.  
Yfirhangandi pumpuleið upp horn og allnokkuð í fangið. Stefán Smárason og Hjalti Rafn Guðmundsson.

Sveitaland., 5.12a, Stefán Smárason.

## Núpur

Tappavellir! Mikil vakning hefur verið í stigaklifri meðal iðnaðarmanna síðustu misseri. Veggjaleysi hrjáir þó stigamennina eilítið en þeir hafa þó fundið sér eitthvað til dundurs í Fallastakkanöf. Annað svæði sem hefur notið mikilla vinsælda er við bæinn Núp skammt austan við Kirkjubæjarklaustur. Þar er 30-50 m hátt klettabelti sem hentar ágætlega til stigaklifurs. Svæðið hefur eitthvað verið skoðað af sportrottunum án þess að hrífa mannskapinn frá Hnappavöllum. Klettarnir eru mjög stórstúðlaðir og bjóða upp á leiðir með frekar þróngum sprungum á sléttum vegg. Það er búið að klifra eitthvað á annan tug stigaklifursleiða og alla vega eina fríklifurleið. Haustið 2001 var haldið stigaklifurmót við góðar undirtektir og voru margar nýjar leiðir klifraðar þá helgi. Annars er tilvonandi stigamönnum bent á að ræða við ábúendur og ganga frá örnum sínum þannig að bændur þurfi ekki að ösla mannann innan um annan karga.

## Fallastakkanöf

Um þáskana 2001, nánar tiltekið 10. apríl luku Guðmundur Tómasson og Styrmir Steingrímsson við nýja stigaklifursleið í Fallastakkanöf. Leiðin var þá búin að vera í vinnslu um nokkurt skeið, en hún er samtals þrjár spannir.

Fyrsta spönnin er 40 m A1, önnur er 25 m A1+, síðasta spönnin er mjög varasöm vegna þess hve laust grjótið er og var leiðin klifruð í frosti vegna þess. Það er frekar vafasamt að gráða síkar spannir en til viðmiðunar má kannski segja að gráðan sé A1++. Samkvæmt útskýringum á gráðun í stigaklifri í Dúllarahorninu þá stendur + fyrir það að leiðir séu tortryggðar, eða verulega tortryggðar. Leiðin hlaut nafnið Hangikjöt í samræmi við þann tíma sem eytt var í að leysa síðustu spönnina. Hangikjöt byrjar um 15 m vestan við Orgelpípurnar.


Önnur leið fíll fyrir stigaklifurum í Nöfinni en það var 26. ágúst 2001 sem Guðmundur Helgi Christensen og Guðmundur Tómasson klifruðu leiðina Grjótregn. Leiðin byrjar rétt hægra megin við Hangikjöt og er tvær spannir, hún var klifruð, að mestu, án þess að nota hamar. Fyrri spönnin er um 45 m C1 / A2 og fylgir lengst af sama stuðlinum. Seinni spönnin er 35 m C2 og endar upp á brún. Leiðin er nefnd með tilvisun í seinni spönnina sem er mjög laus, fyrri spönnin er hins vegar fóst og þægileg yfirferðar.

## Norðurland

### Munkabverá

Litið nýtt hefur gerst í Munkabverá síðustu misseri. Norðanmenn hafa verið að bauka sitthvað í Munkanum en ekki hefur verið unnið í leiðum nema að því litla leyti að Guðmundur Tómasson setti upp toppakkeri þar sumarið 2002.


Þrátt fyrir það er svæðið notað nokkuð reglulega af norðanmönnum auk þess sem sunnlendingar hafa rekið þar inn nefið af og til. Ljóst er að það þarf að ráðast í boltun og hreinsun á fleiri leiðum í gilinu. Einnig stendur það fyrir þrifum að enginn almennilegur leiðarvísir er til af svæðinu fyrir utan það



að Páll Sveinsson, sem eitt sinn ólmanninn norðan heiða, lýsti þar allmör gum leiðum í ársriti í Ársriti 1988 (Leiðarvísir nr. 23).

### Kjarnaskógar

Sumarið 2002 voru hinir rismiklu klettar ofan Kjarnaskógar kannaðir í leit að aðstöðu til klifurs til að breiða boðskapinn út fyrir pappírsskátum á landsmóti skáta. Klettabeltið er nokkur hundruð metra breitt og er allt að 50 m



hátt, þar sem mest er. Helstu gallar svæðisins eru að þar er töluvert mikil fylabyggð, bergið er sums staðar laust í sér og aðkoma að leiðum er oftar en ekki eftir mjóum grasi grónum klettasýlum. Möguleikar til sprunguklifurs með dóti eru miklir en þó ber að huga vel að misgóðum gæðum bergsins til trygginga. Hæsta og lengsta beltið kallast Arnarklettur og er beint fyrir ofan skóginn. Þar er mikið um fyl og er þess vegna stærsti hluti

#### Jórunn (C++), Helgi og Margrét á Hraundrangar í sumarblíðunni. Ljósm.: Jón Haukur Steingrímsson.

beltisins ónothæfur til klifurs, því fýlnir eru lítið fyrir heimsóknir ferðalanga. Krossklettur er næsta belti norðan við Arnarklett og er hann á kafla um 20 m há og tiltölulega laus við fuglabyggð. Bergið er mosagróið á köflum en þar sem hann er brattastur er bergið nokkuð fast í sér og þokkalega laust við mosann. Ekki gafst tími þetta sumarið til að setja upp nema toppakkeri í tvær leiðir og leggja drög að einni í viðbót en svæðið hefur mikla möguleika til að verða prýðisgott klifursvæði, þó svo aðgengið og styrkur bergsins sé ekki af sama kaliber og t.d. í Munkaþverá. Er ætlunin að koma þarna á sumri komanda og negla inn nokkrar nýjar leiðir og klára þær sem byrjað var á. Leiðirnar sem settar voru upp eru eftirfarandi:

Strembin stærðfræði, 5.8/5.9 ?, Sigurður Tómas Pórísson og Eiríkur Ragnars sumar 2002. Leiðin er upp ysta og hæsta nef Krosskletts og er bergið áberandi rautt (appelsínugult) á þeim kafla. Sett var upp toppakkeri með keðjum og karabínu en eftir er að bolta efstu 4-5 boltana. Byrjað er undir litlu þaki og er erfiðasti kaflann upp á það. Siðan tekur við nokkuð þægileg (en brotin) sprunga upp á litla syllu. Henni er fylgt örlítið til hægri og upp nýtt grunnt sprungukerfi og „face-ið“ upp á aðra syllu og þaðan er nokkuð skemmtileg hreyfing upp í akkerið. Erfiðari útgáfa af leiðinni væri að fara beint upp smásprungurnar beint ofan við fyrri sylluna og væri leiðin þá á 5.10 kaliber (?).

Mörgæsin, 5.6, Sigurður Tómas Pórísson og Eiríkur Ragnars, sumar 2002. Leiðin liggur upp ca. 6-8 m klettafés og slöbb um 10 m sunnan við

Strembra stærðfræði. Leiðin liggur upp nokkuð skemmtilegt sprunguhorn og endar á slabbi upp að akkerinu.

Allnokkuð af mosa er í leiðinni og getur hún ekki talist vera nein gæðaleið. Hægt er að klippa í boltana með því að teygja sig fram af brúninni til að setja upp ofanvað. Fin fyrir byrjendur engu að síður.

#### Eyjafjörður

Nokkrar gjótglimur (boulders) er að finna á Eyjafjarðarsvæðinu.

Norðanmenn eru að vinna í því að finna boulder-svæði og tala við bændur og fá leyfi til að glíma við steinana þeirra. Má þar helst nefna Grásteini sem er um 3-4 metrar á hæð. Steinninn er vel staðsettur, rétt við vegginn austan megin í firðinum ca. 12 km fram í. Eyjafjarðarsveit rétt áður en komið er að Munkaþverá. Fjölbreyttur og nokkuð krefjandi steinn og búið er að klifra þó nokkrar leiðir. Staðurinn er laus við stanslausán árníð sem er ágætis tilbreyting frá Munkaþverá. Því miður er þó ekki hægt að klifra á honum í augnablikinu því landeigandinn bannaði klifur þar síðasta haust. Bjartsýnustu klifrarar norðan heiða ætla þó að freista þess að fá hann til að sjá að sér og leyfa kalkbletti á honum aftur.

#### Möðrufell

Fyrir neðan fjallio Möðrufell vestan megin og innarlega í Eyjafirði er stórt boulder-svæði með grjóthnúllungum út um allt. Svæðið er í um 15 míráltuna keyrslu frá höfuðstað norðurlands og býður upp á óenderanlega möguleika. Þar eru leyfismál þó ekki alveg komin í höfn heldur.

#### Vestfirðir og Vesturland

#### Hrafnssfjörður

Í síðasta ársriti fjallaði Rúnar Óli um fyrstu vinnuferðina í Gýgjarsporshamar í



**þrjátiudalastapi norðan við Krossanes á Ströndum. Önnur uppferð 101 ári síðar.**  
Ljósm.: Jón Haukur Steingrímsson.

Hrafnfirði um verslunarmannahelgina 1999. Hamarinn er rúmlega 200 m há og býður upp á rúmlega 100 m langar klifurleiðir í glerhörðu granofýr innskotí. Í júlí 2001 luku þeir Rúnar Óli og Stefán S. Smárason við að bolta, hreinsa og klifra leiðirnar tvær. Leiðirnar voru nefndar Píkutorfan, sem er 5.8 - 5.10d og Fjölskyldumannaleiðin, 5.9 - 5.10b. Báðar leiðirnar eru klifraðar á spönum. Leiðunum er lýst nánar hér í blaðinu og því er ástæðulaust að eyða frekari orðum á það.

### **Gerðuberg**

Eitthvað hefur heyrst af ferðum í Gerðubergið síðustu sumur. Par, eins og á mörgum öðrum stöðum, er vontun á leiðarvísí mál sem þarf að vinna að. Klifrarar eru minntir á svæðið sem býður upp á ágætis mótvægi við Hnappavelli, sérstaklega í langvinnum austanvindum með tilheyrandí skítviðri fyrir austan. Gróður er farinn að sækja í



**Framtíðin? Reiphólsfjöll ofan Porskafjarðar.**  
Ljósm.: Jón Haukur Steingrímsson.

sig veðrið og eru sumar sprungurnar farnar að verða ansi þétt hærðar.

## **Keppnir**

Norðurlandamót í Bergen 1999. Björn Baldursson og Hjalti Rafn Guðmundsson keptu sem fulltrúar Íslands á Norðurlandamótinu sem haldið var í Bergen haustið 1999. Þrátt fyrir dyggan stuðning, aðstoð, leiðbeiningar og frammikill frá tveimur grúpp-píum frá Þrándheimi komst Hjalti ekki upp úr undanrásunum. Björn náði í úrslit þar sem hann lenti í 12 sæti. Íslenska landsliðið með fylgifiskum vann síðar lokapartíið með glæsilegum hætti.

Í nóvember 2000 var haldið klifurmót í klifurvegg HSSR. Eingöngu var keppt í karlflokkí og úrslit urðu þau að Björn Baldursson sigraði, Hjalti Rafn Guðmundsson varð í öðru sæti og Hallgrímur Örn Arngrímsson í því þriðja.

### **Steinapríl - grjóglíma**

ÍSALP hélt keppni í "boulder" steinapríli 15. ágúst 2002 á grjótinu



**Mynd til vinstrí: Me and my Mazda. Úr Jósepsdal.** Ljósm.: Helgi Borg.

Mynd til hægri: Klifurhúsið á góðum degi.  
Ljósm.: Helgi Borg.

„Jósepsstálín“ í Jósepsdal. Keppendur voru sjö, veður var ágætt, og tókst keppnin með ágætum. Í fyrstu verðlaun var úttekt a klifurglíngri frá Nanoq sem sætir nokkurri furðu því steinaklíparar þurfa víst ekkert dót? Í önnur og þriðju verðlaun voru sælgætisbirgðir til nokkurra daga, sem eru öllu eðlilegri verðlaun. Úrslit urðu þau að efstir og jafnir voru Björn Baldursson og Hjalti Rafn Guðmundsson. Ekki fór sögum af því hvernig þeir deilda verðlaununum en í þriðja sæti varð Valdimar Björnsson.

Hér er að lokum síðbúin og nykfallin frétt frá minnislausum félaga í félagi eldri borgara: Haustið 2001 gengu Björn Ólafsson, Einar K. Stefánsson, Elín Sigurðardóttir, Hallgrímur Magnússon, Helga Thors og Sigurlaug Pórðardóttir á hæsta fjall Malasíu Mt. Kinabalu 4101 m. Fjallið er granít kubbur, efri hluti göngunnar er um hreinar granítbrekcur. Hópurinn fór hefðbundna gönguleið á fjallið sem býður upp á margar fallegar klifurleiðir.



Íslenskt toppmerki í útvistarfatnaði!



PREPARE FOR NATURE



[www.cintamani.is](http://www.cintamani.is)

**SPORTÍS**   
heildverslun s: 533 3800



THE  
NORTH  
FACE

**PARFTU MEIRA?**



NANOQ

KRINGLAN 1. HÆD · SÍMI 575 5100